



**ÁLIT NR. 03/2011**

**FLUGÖRYGGISSTOFNUNAR EVRÓPU**

**frá 19. apríl 2011**

**um reglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem kveður á um útfærslureglur fyrir  
stjórnvaldskröfur og stofnanakröfur**

***"Stjórnvaldskröfur - Stofnanakröfur"***

**Efnisyfirlit**

I.	Stutt yfirlit .....	3
II.	Almennt .....	5
III.	Samráð .....	6
IV.	Markmið álits stofnunarinnar .....	7
V.	Umfang og uppbygging álits stofnunarinnar .....	9
VI.	Greinargerð liður-AR .....	12
	Almennt .....	12
	Samráð .....	12
	Umfang og nothæfni.....	14
	Forsíðureglugerð - atriði sem eiga við lið-AR.....	16
	Liður-AR undirliður GEN hluti I - Almennt .....	17
	Liður-AR undirliður GEN hluti II - Stjórnun.....	19
	Liður-AR undirliður GEN hluti III - Umsjón, vottun og framfylgd.....	21
	Liður-AR undirliður FCL.....	24
	Liður-AR undirliður CC .....	26
	Liður-AR undirliður ATO .....	27
	Liður-AR undirliður FSTD.....	28
	Liður AR undirliðir AeMC og MED .....	29
VII.	Greinargerð liður-OR .....	31
	Almennt .....	31
	Samráð .....	31
	Umfang og nothæfni.....	33
	Forsíðureglugerð - atriði sem eiga við lið-OR.....	33
	Skilgreiningar sem eiga við lið-OR .....	34
	Liður-OR undirliður GEN hluti I - Almennt .....	35
	Liður-OR undirliður GEN hluti II - Stjórnunarkerfi .....	38
	Liður-OR undirliður ATO.....	41
	Liður-OR undirliður FSTD .....	43
	Liður-OR undirliður AeMC.....	44
	VIÐAUKI I.....	45

## I. Stutt yfirlit

Þetta álit leggur til kröfur fyrir lögbær stjórnvöld og stofnanir á sviði áhafna í almenningsflugi (flugáhafnir og öryggis- og þjónustuliðar). Á meðal þeirra eru almennar kröfur (undirliður GEN) sem eru sameiginlegar fyrir öll svið áhafna og flugrekstrar og sértækar kröfur fyrir ákveðin svið sem ná til leyfisveitingar flugáhafna, vottana öryggis- og þjónustuliða, heilbrigðisvottunar, samþykktra þjálfunarstöðva, flughermisþjálfunarbúnaðar<sup>1</sup> og fluglækningastöðva. Kröfurnar sem lagðar eru fram með þessu álitinu eru viðbót við tæknilegu kröfurnar í lið-FCL, lið-MED og lið-CC.

- **AR.ATO** og **AR.FCL** byggjast á fyrirliggjandi stjórnvaldskröfum fyrir þjálfunarstöðvar og leyfisveitingar flugáhafna sem er að finna í JAR-FCL og tengdum JIPs. Ný ákvæði eru innifalin fyrir vöktun prófdómara.
- **OR.ATO** byggist á fyrirliggjandi kröfum fyrir þjálfunarstöðvar sem er að finna í ICAO viðauka 1 (viðbæti 2) og JAR-FCL. Þess verður krafist að allar þjálfunarstöðvar, þar á meðal þær sem veita eingöngu þjálfun fyrir flugmannsskírteini fyrir létt loftför, einkaflugmannsskírteini, flugmannsskírteini fyrir loftbelgi eða flugmannsskírteini fyrir sviffflugur, hafi ATO vottorð.
- **AR.CC** útfærir ákvæðin sem er að finna í grunnreglugerðargreinum 8(4) og 8(5)(e). AR.FSTD og OR.FSTD byggjast á JAR-FSTD flugvélum og þyrlum og JIPs fyrir JAR-STD.
- **AR.MED, AR.AeMC** og **OR.AeMC** innihalda reglurnar fyrir heilbrigðisvottanir flugáhafna, gagnavernd heilbrigðisskjala úr fluglækningaskoðunum sem lögbært stjórnvald stendur fyrir, og stofnanakröfurnar fyrir AeMCs. Tillagðar reglur byggjast á JAR-FCL 3 og viðeigandi köflum í sameiginlegum framkvæmdaferlum (e. Joint Implementation Procedures, JIPs) Flugöryggissamtaka Evrópu (e. Joint Aviation Authorities, JAA).

Stjórnvaldskröfurnar (liður-AR) og stofnanakröfurnar (liður-OR) notast ennfremur við fyrirliggjandi kröfur hluta B í lofthæfisreglunum og útfæra viðkomandi ákvæði grunnreglugerðarinnar með tilliti til samskiptanna milli samþykktra þjálfunarstöðva og lögbærs stjórnvalds, samvinnu og upplýsingaskipta á milli aðildarríkja, nauðsynjar þess að bregðast tafarlaust við öryggisvandamáli, sem og skilyrða til útgáfu, viðhalds, breytingar, takmörkunar, sviptingar og afturköllunar vottorða, skírteina, áritana, vottana og samþykkta, eins og krafist er af greinum 7 og 8 í grunnreglugerðinni.

Stjórnvaldskröfurnar taka tilhlýðilegt tillit til mikilvægra atriða öryggisumsjónarkerfis sem skilgreind eru af ICAO og þjóna því markmiði stöðlunar sem tilgreint er í grunnreglugerðinni. Þær innihalda ennfremur atriði sem eru mikilvæg til að koma á fót yfirgripsmiklu flugöryggisstjórnunarkerfi á ESB stigi sem nær yfir skyldur ESB og aðildarríkja hvað varðar öryggisstjórnun. Þar af leiðandi eiga sameiginlegar stjórnvaldskröfur á beinan hátt við útfærslu evrópsku flugöryggisáætlunarinnar (e. European Aviation Safety Programme, EASP).

Stofnanakröfur byggjast á meginráðleggingum "samræmis stofnanasamþykkta" (e. Consistency of Organisation Approvals, COrA)<sup>2</sup> og ICAO stöðlum er lúta að öryggisstjórnunarkerfum (e. safety management systems, SMSs). Þær mynda hliðstæðu við lið-AR hvað varðar skilyrði til útgáfu, viðhalds, breytingar, takmörkunar, sviptingar eða afturköllunar vottana og samþykkta.

Með það í huga að lögleiða ICAO staðla um SMS, leggur liður-OR í undirlið GEN til samhæfðar almennar kröfur fyrir stjórnunarkerfi, sem ætlað er að tryggja samhæfni við núverandi stjórnunarkerfi og nothæfni fyrir allar stofnanir sem hafa stofnavottorð samkvæmt grunnreglugerðinni. Hægt er að kvarða tillagðar kröfur eftir stærð stofnunar

<sup>1</sup> Stjórnvaldskröfur og stofnanakröfur sem eru sértækar fyrir svið og gilda fyrir flugrekstur verða innifaldar í álitinu um flugrekstur.

<sup>2</sup> [http://easa.europa.eu/ws\\_prod/r/doc/NPA/final%20A-NPA%2015-2006%20COrA%20\(26.09.06\).pdf](http://easa.europa.eu/ws_prod/r/doc/NPA/final%20A-NPA%2015-2006%20COrA%20(26.09.06).pdf).

og eðli og margbreytileika starfsemi hennar. Þær eru hannaðar til þess að setja staðal fyrir útfærslu SMS fyrir allar samþykktar stofnanir á sviði flugvalla, flugumferðarstjórnunar, flugleiðsögubjónustu og lofthæfis.

Reglurnar sem þetta álit leggur til fylgja láréttri reglusamsetningu. Eins og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur ráðlagt, er horfið frá láréttu reglusamsetningunni svo að tryggja megi tímanlega samþykkt fyrstu útvíkkunarreglnanna. Þar af leiðandi, verður krafist breytinga á samsetningu og minniháttar aðlögunar að tillögðu reglunum. Þessar breytingar verða gerðar í samvinnu við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, eftir útgáfu þessa álits. Til að flyta fyrir þessu ferli, voru stjórnvalds- og stofnanakröfur sem gefnar voru út sem tvær aðgreindar tillagðar reglur fyrir tilkynningarnar um fyrirhugaðar breytingar (e. Notices of Proposed Amendments, NPAs) og viðbrögð við umsögnum (e. Comment Response Documents, CRDs) sameinaðar í eitt álit.

Álitið felur í sér tillögu um aðlögunarráðstafanir og úrsagnir, sem eru allt frá sex mánuðum til þriggja ára, til að taka sérstakt tillit til hinna nýju krafna stjórnunarkerfisins, tilvika þar sem stofnanir hafa vottunarskyldu í fyrsta sinn, sem og breytinganna á regluefninu í kjölfar ákvörðunarinnar um að breyta samsetningu reglnanna eftir útgáfu álitsins.

## II. Almennt

1. Tilgangur þessa álits er að aðstoða framkvæmdastjórn Evrópusambandsins við að lögleiða útfærslureglur fyrir stjórnvaldskröfur er lúta að flugrekstri og leyfisveitingu flugáhafna. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008<sup>3</sup> (hér eftir nefnd 'grunnreglugerðin') kveður á um viðeigandi og yfirgripsmikinn ramma til skilgreiningar og útfærslu sameiginlegra tæknilegra krafna og stjórnsýsluferla á sviði almenningsflugs.
2. Markmið tillagðra reglna er að koma á:
  - a. sameiginlegum stjórnsýslukröfum sem stofnunin og aðildarríki skulu fylgja í því skyni að útfæra og framfylgja grunnreglugerðinni og útfærslureglum hennar varðandi flugrekstur og starfsmannakröfur, sem vísað er til sem "stjórnvaldskrafna" (hér eftir nefndar liður-AR); og
  - b. sameiginlegum tæknilegum kröfum til að útfæra og framfylgja reglugerð (EB) nr. 216/2008 og útfærslureglum hennar er varða stofnanir á sviði flugrekstrar og starfsmannakröfur, sem vísað er til sem "stofnanakrafna" (hér eftir nefndar liður-OR). Kröfurnar í lið-OR hafa að gera með stjórnsýslu- og stjórnunarkerfi og skilyrðin til útgáfu, viðhalds, breytingar, takmörkunar, sviptingar og afturköllunar vottorða.

Tillagðar reglur byggjast á JAR-FCL og JAR-FSTD, á ICAO stöðlum og viðurkenndu verklagi (e. standards and recommended practices, SARPs), viðeigandi sameiginlegum framkvæmdaferlum (e. Joint Implementation Procedures, JIPs) sem komið hefur verið á undir Flugöryggissamtökum Evrópu (e. Joint Aviation Authorities, JAA) á sviði rekstrar og leyfisveitingar flugáhafna, sem og á núverandi kröfum hlutar B í reglugerðum (EB) nr. 1702/2003<sup>4</sup> og 2042/2003<sup>5</sup>. Þær taka einnig tillit til eftirtaldrá laga Evrópusambandsins:

  - a. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um sameiginlegar reglur fyrir flugrekstur innan bandalagsins<sup>6</sup>;
  - b. Reglugerð (EB) nr. 996/2010<sup>7</sup> um rannsókn á og forvarnir gegn slysum og atvikum í almenningsflugi og sem fellir úr gildi tilskipun 94/56/EB; og
  - c. Tilskipun 2003/42/EB<sup>8</sup> um atvikatilkynningu í almenningsflugi.
3. Álitid hefur verið samþykkt í kjölfar ferlisins sem tilgreint er af stjórn Flugöryggisstofnunar Evrópu (stofnunarinnar)<sup>9</sup>, í samræmi við ákvæði 19. gr. grunnreglugerðarinnar.
4. Þetta álit er byggt á eftirtöldum tilkynningum um fyrirhugaðar breytingar:

<sup>3</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur á sviði almenningsflugs og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og sem fellir úr gildi tilskipun ráðsins nr. 91/670/EBE, reglugerð (EB) nr. 1592/2005 og tilskipun 2004/36/EB; með breytingum reglugerðar (EB) nr. 1108/2009 (Stjórnartíðindi EB L 79, 19.3.2008, bls. 1).

<sup>4</sup> Reglugerð (EB) nr. 1702/2003 frá 24. september 2003 sem fyrirskar útfærslureglur fyrir lofthæfis- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og fyrir vottun hönnunar og framleiðslu (Stjórnartíðindi Evrópu L 243, 27.9.2003, bls. 6).

<sup>5</sup> Reglugerð (EB) nr. 2042/2003 frá 20. nóvember 2003 um viðvarandi lofthæfi loftfara og tengdra framleiðsluvara, íhluta og búnaðar til flugs og um samþykki stofnana og starfsfólks á þessu sviði (Stjórnartíðindi Evrópu L 315, 28.11.2003, bls. 1).

<sup>6</sup> Stjórnartíðindi EB L 293, 31.10.2008, bls. 3-20.

<sup>7</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 996/2010 frá 20. október 2010 um rannsókn og forvarnir gegn slysum og atvikum í almenningsflugi og sem fellir úr gildi texta tilskipunar 94/56/EB sem varðar EES (Stjórnartíðindi Evrópu L 295, 12.11.2010, bls. 35-50).

<sup>8</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB frá 13. júní 2003 um atvikatilkynningu í almenningsflugi (Stjórnartíðindi Evrópu L 167, 4.7.2003, bls. 23-36).

<sup>9</sup> Ákvörðun stjórnarinnar varðandi ferlið sem stofnunin skal beita við útgáfu álita, vottunarforskrifta og leiðbeiningarefnis (reglusetningarferli). EASA MB 08-2007, 13.06.2007.

- Tilkynningu um fyrirhugaða breytingu nr. 2008-22b sem inniheldur drög að tillögum fyrir útfærslureglur (útfærslureglu) og skyldar viðeigandi og tækar leiðir til að fullnægja skilyrðunum (e. Acceptable Means of Compliance, AMC) og leiðsagnarefni (Guidance Material, GM) fyrir stjórnvaldskröfur (liður-AR, undirliður GEN hluti I, II og III, undirliður FCL, ATO, AeMC og MED);
- Tilkynningu um fyrirhugaða breytingu nr. 2008-22c sem inniheldur drög að tillögum fyrir útfærslureglur og AMC og GM þar að lútandi fyrir stofnanakröfur (liður-OR, undirliður GEN, ATO og AeMC);

Tilkynningu um fyrirhugaða breytingu nr. 2009-02d sem inniheldur drög að tillögum fyrir útfærslureglur og AMC og GM þar að lútandi fyrir lögbær stjórnvöld sem á sérstaklega við skoðanir á hlaði (AR.GEN.hluti IV), við rekstur (AR.OPS) og öryggis- og þjónustuliða (AR.CC). Ekki er fjallað um þessar tilkynningar um fyrirhugaðar breytingar í þessu álit; þær verður að finna í fyrsta álitinu sem gefið verður út um flugrekstur.

### III. Samráð

5. Tilkynning um fyrirhugaða breytingu nr. 2008-22 var gefin út á vefsvæði EASA (<http://www.easa.europa.eu>) þann 31. október 2008. Tilkynning um fyrirhugaða breytingu nr. 2009-02 var gefin út þann 30. janúar 2009.

Tímasetning umsagnaleitunar vegna þessara tilkynninga um fyrirhugaðar breytingar var framlengd í samræmi við gr. 6(6) í reglusetningarferlinu<sup>10</sup>, samkvæmt beiðni hagsmunaaðila, í því skyni að tryggja skörun við tímasetningu umsagnaleitunar vegna fyrstu útvíkkun tilkynninga um fyrirhugaðar breytingar<sup>11</sup>. Við lokadagsetningarnar 28. maí 2009 (tilkynning um fyrirhugaða breytingu nr. 2008-22) og 31. júlí 2009 (tilkynning um fyrirhugaða breytingu nr. 2009-02), hafði stofnunin tekið á móti 9.405 athugasemdum sem áttu við liði-AR og OR frá yfir 400 athugasemdaaðilum, þar á meðal flugmálastjórnnum ríkja, fagstofnunum, einkafyrirtækjum og einstaklingum. Heildarfjöldi athugasemda fyrir báðar tilkynningar um fyrirhugaðar breytingar var 18.243.

6. Endurskoðun athugasemda var framkvæmd í samræmi við sameiginlega nálgun fyrir útvíkkun ESB hæfis sem stofnunin og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins setur, og stjórnarráðið og EASA nefndin vottar.<sup>12</sup> Þetta felur í sér stígbundna nálgun fyrir úrvinnslu á fyrstu útvíkkunarreglunum svo að áhersla tiltækra aðfanga og málsmeðferðarferla í nefndum geti verið á tillögunum í rétttri röð. Þetta leiðir einnig af sér þróaða vinnuaðferð fyrir endurskoðun athugasemda; annars vegar tímanlega útgáfu CRD svo að útgáfu reglugerðanna fyrir 8. apríl 2012 sé ekki stefnt í hættu, en það er sú dagsetning sem kveðið er á um í 70. grein í grunnreglugerðinni; hins vegar að stofnunin ætti að veita CRDs sem gera hagsmunaaðilum kleift að bera kennsl á auðveldan hátt á breytingar sem gerðar hafa verið á tilkynningunum um fyrirhugaðar breytingar, ICAO fylgni, og allan mun á EU-OPS<sup>13</sup>/sameiginlegum flugmálakröfum (e. Joint Aviation Requirements, JARs), eins og við á. Þessi vinnuaðferð fullnægir 7. grein í EASA reglusetningarferlinu.

<sup>10</sup> Ákvörðun stjórnarráðs EASA nr. 08-2007, sem breytir og kemur í stað reglusetningarferlisins, og samþykkt var á fundi stjórnarráðsins nr. 03/2007 þann 13. júní 2007 ([http://www.easa.eu.int/ws\\_prod/g/management-board-decisions-and-minutes.php](http://www.easa.eu.int/ws_prod/g/management-board-decisions-and-minutes.php)).

<sup>11</sup> Nánar tiltekið, tilkynning um fyrirhugaða breytingu nr. 2008-22, um stjórnvalds- og stofnanakröfur, og tilkynning um fyrirhugaða breytingu nr. 2009-02, um útfærslureglur fyrir flugrekstur ESB rekstraraðila ([http://www.easa.eu.int/ws\\_prod/r/r\\_archives.php](http://www.easa.eu.int/ws_prod/r/r_archives.php)).

<sup>12</sup> [http://easa.europa.eu/ws\\_prod/g/doc/COMMS/Commission%20EASA%20joint%20position%20MB.%2015%2009%2009.pdf](http://easa.europa.eu/ws_prod/g/doc/COMMS/Commission%20EASA%20joint%20position%20MB.%2015%2009%2009.pdf).

<sup>13</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 859/2008 frá 20. ágúst 2008 um breytingu á reglugerð Evrópuráðsins (EBE) nr. 3922/91 hvað varðar sameiginlegar tæknilegar kröfur og stjórnsýsluferli sem eiga við flutningaflug á flugvélum í viðskiptalegum tilgangi.

7. Hinir breyttu reglutextar voru ræddir ítarlega við endurskoðunarhópa reglusetningarinnar sem settir voru á fót fyrir tilkynningar um fyrirhugaðar breytingar nr. 2008-22 og 2009-02. Samsetning endurskoðunarhópanna byggðist á upphaflegu uppkastshópnum sem settir voru á fót fyrir reglusetningarverkefni OPS.001 og FCL.001. Aðild að þessum upphaflegu uppkastshópnum var útvíkkuð svo að fulltrúar hagsmunaaðila væru ennfremur aðilar, sem og einn fulltrúi frá stöðlunardeild stofnunarinnar, í samræmi við reglur er gilda um aðildarferli reglusetningarhópa. Liður-AR var unninn samhliða lið-OR til að tryggja samræmi í niðurstöðum og skilvirkni í endurskoðunarferlinu. Endurskoðunarferlið fól einnig í sér nána samræmingu við endurskoðunarhópana sem settir voru á fót fyrir tæknilegar kröfur flugreksturs (OPS) (tilkynning um fyrirhugaða breytingu nr. 2009-02b) og samráð uppkastshópana sem stofnsettir voru fyrir aðra útvíkkun (flugvellir, flugumferðarstjórnun, flugleiðsöguþjónusta).
8. CRDs fyrir lið-AR og lið-OR sem veittu samantekt athugasemda og svör stofnunarinnar þar að lútandi og hinn breytti texti voru gefin út á vefsvæði stofnunarinnar þann 4. október 2010. CRDs hafði að geyma lista yfir alla einstaklinga og/eða stofnanir sem höfðu veitt athugasemdir. Á lokadeginum, 6. desember 2010, hafði stofnunin tekið á móti 1.020 viðbrögðum fyrir lið-AR og lið-OR frá yfir 70 athugasemdaaðilum, aðallega frá flugmálastjórnun ríkja, fagstofnunum, stofnunum sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni og einkafyrirtækjum. Frekari upplýsingar um þessi viðbrögð og ihugun þeirra fyrir þetta álit er að finna í viðeigandi undirliðum og undir fyrirsögnum hluta í þessari skýringu.

#### IV. Markmið álits stofnunarinnar

9. Í grunnreglugerðinni, skilgreindi evrópski löggjafinn umfang þess hæfis og valds sem flutt var frá aðildarríkjunum til bandalagsins og skilgreindi mikilvæg öryggismarkmið sem aðgerðir bandalagsins skyldu uppfylla. Evrópski löggjafinn veitti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ennfremur vald til að lögleiða, í gegnum ferli málsmeðferða í nefnd, útfærslureglur við grunnreglugerðina, eins og er lýst í þáula í forsendum 37 og 38 í grunnreglugerðinni.
10. Grunnreglugerðin veitir lagalegan grundvöll fyrir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins til að lögleiða kröfur sem eiga við um lögbær stjórnvöld aðildarríkja. Tilvist þessara krafna er hjálpleg við að ná fram meginmarkmiðum grunnreglugerðarinnar - sem er stofnun og viðhald á háu, samræmdu öryggisstigi almenningsflugs. Einungis með því að setja sameiginlegar kröfur á herðar flugmálastjórna ríkja er hægt að tryggja að lög ESB séu útfærð á samræmdan hátt á landssvæði aðildarríkja.
11. Stjórnun vottana og samþykktá krefst stofnsetningar krafna, bæði fyrir umsækjendur þeirra, handhafa og lögbær stjórnvöld. Liður-AR setur kröfur fyrir stjórnvöld sem munu beita valdi sínu í tengslum við útgáfu, breytingu, takmörkun, sviptingu eða afturköllun og umsjón vottorða, skírteina, áritana, vottana og samþykktá í samræmi við greinar 7 og 8 í grunnreglugerðinni. Tillagðar reglur útfæra ennfremur viðeigandi ákvæði í greinum 10, 11, 13, 14, 15, 18(d), 22, 24 og 54 í grunnreglugerðinni.  
Liður-OR kveður á um sameiginlegar tæknilegar kröfur fyrir handhafa vottorða fyrir rekstraraðila, flugmannspjálfunarstöðvar, fluglækningastöðvar og flughermisþjálfunarbúnað (e. flight simulation training device, FSTD) í samræmi við greinar 7 og 8 í grunnreglugerðinni. Sameiginlegar stjórnvalds- og stofnanakröfur munu verða mikilvægt framlag við að tryggja samræmda útfærslu á lögum ESB með því að einfalda umsjón og kröfur stjórnunarkerfis fyrir alla hagsmunaaðila á sviði rekstrar og leyfisveitingar flugáhafna.
12. Í samræmi við meginreglur frammistöðutengdrar reglusetningar, hefur jafnvægið milli útfærslureglna og AMCs verið endurskoðað við gerð þessa álits, í því skyni að tryggja meðalhóf og auka endingu reglnanna á tímum þar sem stafræn samskipti, tölvuvísindi og aðrar greinar hafa opnað fyrir óteljandi fjölda tæknilegra möguleika og fjöldi þeirra valkosta sem bjóðast hefur tilhneigingu til að aukast með sívaxandi margbreytileika og þéttleika aðgerða. Mikilvæg öryggisatriði eru skilgreind á stigi útfærslureglna,

útfærsluþættir sem eru ekki eins mikilvægir eru innifaldir sem AMC eða GM. Þessi aukni margbreytileiki í rekstri og flugaðgerðum, ásamt ýmsu samspili á milli atriða í kerfinu, krefst þess að stjórnvöld og stofnanir útfæri skilvirk stjórnunarkerfi.

13. Til að aðstoða aðildarríki við að uppfylla skyldur sínar samkvæmt Chicago sáttmálanum og til að bæta sífellt öryggisstig almenningsflugs í Evrópu, felur liður-AR í sér nokkur mikilvæg atriði til stofnsetningar yfirgripsmikils stjórnunarkerfis á ESB stigi, sem nær yfir ábyrgð ESB og aðildarríkja hvað varðar öryggisstjórnun. Þessi rammi mun tryggja fylgni við viðeigandi ICAO staðla hvað varðar SMSs og ríkisöryggisáætlanir (e. State Safety Programmes, SSPs) fyrir öll aðildarríki ESB. Á þessu sviði aðhyllist stofnunin heildræna nálgun að stjórnunarkerfum sem innlimar SMS sem grundvallaratriði stjórnunarkerfis stofnunar eða stjórnvalds. Í þessu tilliti eiga sameiginlegar stjórnvaldskröfur á beinan hátt við útfærslu evrópsku flugöryggisáætlunarinnar (e. European Aviation Safety Programme, EASP). Á þessu sviði eru ítarlegri kröfur og AMC og GM þar að lútandi sem ná yfir öryggisáætlunina á ESB stigi og skilgreina samskipti milli aðildarríkjanna og stofnunarinnar, nú í bígerð. Þetta efni mun byggjast á þeirri vinnu sem verið er að samræma af ráðgjafanefnd Flugöryggisstofnunar Evrópu (e. European Aviation Safety Advisory Committee, EASAC), þá sérstaklega hvað varðar EASP.
14. Með það í huga að lögleiða viðeigandi ICAO staðla um SMS, leggur liður-OR í undirlið GEN til samhæfðar almennar kröfur fyrir stjórnunarkerfi, sem ætlað er að tryggja nothæfni til allra stofnana sem hafa stofnanavottorð samkvæmt grunnreglugerðinni. Á meðan þær tryggja algjöra fylgni við viðeigandi ICAO staðla fyrir SMS, eru tillagðar kröfur kvarðanlegar eftir stærð stofnunar og eðli og margbreytileika starfsemi hennar. Tillaga stofnunarinnar stuðlar að samþættri nálgun að stjórnunarkerfum, sem felur í sér fylgnivöktun og öryggisstjórnun, frekar en að leggja annað kerfi ofan á núgildandi stjórnunarkerfi. Mat á ICAO SMS stöðlum og viðurkenndu verklagi (e. Standards and Recommended Practices, SARPs) leiddi í ljós að mörg atriði ICAO SMS eru einnig viðfangsefni framtaksins um "samræmi stofnanasamþykktar" (e. Consistency of Organisation Approvals, COrA), sem ýtt var úr vör undir JAA (sjá einnig fyrirfram tilkynningu um fyrirhugaða breytingu (e. Advance Notice of Proposed Amendment, ANPA) nr. 15-2006<sup>14</sup>). ICAO markmiðið um að innleiða SMS á öllum sviðum flugs leiðir óumflýjanlega til sömu grunnmeginreglna einfaldaðra krafna fyrir stofnanasamþykki og umsjón og sameiginlegar kröfur stjórnunarkerfis.
15. Sameiginlegar og samstilltar stjórnvaldskröfur, ásamt samsvarandi stofnanakröfum sem eiga við öll svið innan valdssviðs flugrekstrar og flugáhafnar, voru hannaðar til að stuðla að útfærslu þeirra COrA ráðlegginga sem voru mest viðeigandi. Þar sem JARs hafa verið þróaðar smám saman og meira og minna á sjálfstæðan hátt fyrir hvert svið, var reglugerðarefnið á margan hátt breytilegt. Ósamræmi varðandi stofnanasamþykktir varð greinilegt við útfærslu JARs. Þrátt fyrir að einhver hluti þessa ósamræmis væri réttlætanlegur með sérhæfni þess sviðs sem verið var að fjalla um, var ákveðinn hluti það ekki.
16. Stofnunin valdi í upphafi að notast við hægfara nálgun við samstillingu stofnanasamþykkja. Fyrsta skrefið var að taka tillit til þessara ráðlegginga við gerð uppkasts útfærslureglanna fyrir flugrekstur og leyfisveitingu flugáhafna. Í næsta skrefi var ætlunin að útfæra þær fyrir tilkynningar um fyrirhugaðar breytingar vegna annarrar útvíkkunar (flugumferðarstjórnun/flugleiðsögupjónusta og flugvellir). Á seinni stigum var ætlunin að útfæra COrA ráðleggingar innan lofthæfisreglnanna<sup>15</sup> (Reglugerðir (EB) nr. 1702/2003 og 2042/2003), þar sem markmiðið var að tryggja algjört samræmi krafna fyrir stjórnvöld og stofnanir á öllum sviðum innan gildissviðs stofnunarinnar. Stofnunin vill leggja áherslu á mikilvægi samræmis í stofnana samþykkjum með tilliti til þess að

<sup>14</sup> [http://easa.europa.eu/ws\\_prod/r/doc/NPA/final%20A-NPA%2015-2006%20COrA%20\(26.09.06\).pdf](http://easa.europa.eu/ws_prod/r/doc/NPA/final%20A-NPA%2015-2006%20COrA%20(26.09.06).pdf).

<sup>15</sup> Lofthæfisreglurnar, sem leiða beint af JARs, munu krefjast endurskoðunar vegna samræmis, sem forsendu útfærslu sameiginlegra krafna stjórnkerfis sem lagðar eru til með lið-OR í því skyni að útfæra SMS á sviði lofthæfis.



auðvelda samþykki EASA reglna af mótaðilum, eins og flugmálastjórn Bandaríkjanna (e. Federal Aviation Administration, FAA) og yfirvöldum almenningsflugsamgangna í Kanada (e. Transport Canada Civil Aviation, TCCA). Gagnkvæm viðurkenning samþykkja og vottorða myndi hafa mikinn ávinning af samstilltum og einfölduðum kröfum fyrir veitingu slíkra samþykkja og vottorða.

17. Eitt tiltekið COA langtímamarkmið var að stofna eitt kerfi samþykkja með breytilegu umfangi, sem myndi leiða af sér staðlað umsóknarform og eitt vottorð með einstöku samþykkisnúmeri fyrir margar samþykktar stofnanir, sem myndi á sama tíma viðhalda mismunandi viðmiðunum fyrir hvert sértækt samþykki. Slíkt kerfi samþykkja myndi vera ávinningur, ekki aðeins vegna þess að verulegur fjöldi stofnana hefur meira en eitt samþykki, heldur einnig vegna þess að samþykktar stofnanir eru ekki einangraðar. Í mörgum tilvikum hafa þær nán tengsl við aðrar samþykktar stofnanir og þess er vænst að þetta muni aukast í framtíðinni. Hins vegar verður þessu markmiði ekki náð án skýrrar samstöðu á meðal hagsmunaaðila hvað varðar þörfina á sameiginlegum, einfölduðum stjórnvalds- og stofnanakröfum sem eiga við öll tæknileg svið innan EASA reglnanna.
18. Sumir hagsmunaaðilanna lýstu áhyggjum yfir því hversu viðeigandi það væri að lögleiða lárétta reglusamsetningu fyrir allar reglur sem tengjast flugöryggi, og bentu á þá erfiðleika sem vænta mætti þegar nálgunin væri útvíkkuð til annarra sviða innan gildissviðs stofnunarinnar, þar sem það yrði erfiðara, að því að talið er, að ná fram samþykki á slíkum sameiginlegum stjórnvalds- og stofnanakröfum frá breiðari hópi hagsmunaaðila. Á sama tíma, hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins mælt með því að horfið sé frá láréttu reglusamsetningunni svo að tryggja megi tímanlegt samþykki fyrstu útvíkkunarreglnanna. Skipulagsbreytingarnar og sú minniháttar aðlögun að reglunum sem krafist er í kjölfar endurúthlutunar samsvarandi tæknilegra krafna (FCL, öryggis- og þjónustuliðar (CC), MED, OPS) verður framkvæmd eftir útgáfu þessa álits á vefsvæði stofnunarinnar. Í því augnmiði að auðvelda þessar breytingar í regluuppkastsefninu, hafa liður-AR og liður-OR verið sameinaðir í eitt álit, en öll atriði sem eingöngu tengjast rekstri hafa verið fjarlægð.

Þetta á við um viðeigandi greinar og málsgreinar í forsíðureglugerðinni, skilgreiningar og ákvæði í útfærslureglunum sem eiga aðeins við um rekstraraðila í viðskiptalegum tilgangi, fyrir rekstraraðila sem heyra undir tilkynningaskyldu eins og skilgreint er í grein 8(3) í grunnreglugerðinni, eða fyrir einkarekstraraðila annarra en flókinna vélknúinna loftfara. Þessi atriði munu flytjast í álitin um flugrekstur.

Í viðauka I í þessari skýringu er að finna samsvörunina milli reglutilvitnananna og fyrirsagnanna eins og gefið var út með CRDs fyrir lið-AR / lið-OR og eins og er innifalið í þessu álit.

## V. Umfang og uppbygging álits stofnunarinnar

19. Umfang þessa álits nær yfir:
  - a. almennar stjórnvalds- og stofnanakröfur sem tengjast áhöfn og flugrekstri (AR.GEN að undanskildum hluta IV "Skoðunum á hlaði", og OR.GEN);
  - b. sértækar stjórnvaldskröfur sem tengjast leyfisveitingu og umsjón flugáhafna (AR.FCL);
  - c. sértækar stjórnvaldskröfur sem tengjast vottun og umsjón öryggis- og þjónustuliða (AR.CC);
  - d. sértækar stjórnvalds- og stofnanakröfur sem tengjast vottun og/eða umsjón samþykktra þjálfunarstöðva (AR.ATO og OR.ATO);
  - e. sértækar stjórnvalds- og stofnanakröfur sem tengjast hæfni FSTDs ; (AR.FSTD og OR.FSTD);

- f. sértækar stjórnvalds- og stofnanakröfur sem tengjast fluglækningavottun og fluglækningastöðvum (e. aero-medical centres, AeMC) (AR.MED; AR.AeMC og OR.AeMC); og

Stjórnvalds- og stofnanakröfur sem eru sértækar fyrir ákveðin svið og eiga við flugrekstur (AR.OPS og OR.OPS) og skoðanir á hlaði (AR.GEN.hluti IV<sup>16</sup>) sem gefnar voru út með CRDs við lið-AR og lið-OR verða innifaldar í fyrsta álitinu sem gefa á út um flugrekstur. Þessi flutningur tekur einnig til hinna tilteknu útfærslureglna um tilkynningu (AR.GEN.345 og OR.GEN.145), þar sem þær eiga við um tómtundaflugsnotendur flókinna vélknúinna loftfara einvörðungu.


Álitið er byggt upp á eftirfarandi hátt:

- Forsíðureglugerð "Stjórnvaldskröfur - Stofnanakröfur";
  - Viðauki I - Skilgreiningar sem notaðar eru í forsíðureglugerðinni, í lið-AR og lið-OR;
  - Viðauki II - Stjórnvaldskröfur - Liður-AR;
  - Viðauki III - Stofnanakröfur - Liður-OR.
20. Hinir tveir nýju undirliðir eru lagðir til með þessu álitu í því skyni að taka saman kröfur sem eiga við FSTDs, sem áður voru innifaldar í AR.ATO og OR.ATO;
- Undirliður AT.FSTD með sértækum kröfum fyrir hæfni FSTDs;
  - Undirliður OR.FSTD með sértækum kröfum fyrir hæfni FSTDs og fyrir stofnanir sem reka FSTDs.


Eftirtaldar töflur sýna uppbyggingu liðs-AR í viðauka II og liðs-OR í viðauka III eins og lagt er til með þessu álitu.

---

<sup>16</sup> Ákvæðin um skoðanir á hlaði sem áður voru innifalín í AR.GEN.hluta IV verða gefin út með stjórnvaldskröfunum fyrir flugrekstur, sem undirliður "Skoðanir á hlaði".



Tafla 1: Stjórnvaldskröfur



Tafla 2: Stofnanakröfur


## VI. Greinargerð liður-AR

### Almennt

21. Liður-AR, eins og hann er lagður til með þessu álitu, samanstendur af sjö undirliðum, sem er svo skipt í hluta, en þeir innihalda bæði almennar kröfur sem og kröfur sem eru sértækar fyrir ákveðin svið, fyrir lögbært stjórnvald sem ber ábyrgð á hverri tegund vottorðs, samþykkis eða starfsemi:
  - a. Liður-AR undirliður GEN, almennar kröfur;
  - b. Liður-AR undirliður FCL, sértækar kröfur er lúta að leyfisveitingu flugáhafna;
  - c. Liður-AR undirliður CC, sértækar kröfur er lúta að vottun og umsjón öryggis- og þjónustuliða;
  - d. Liður-AR undirliður ATO, sértækar kröfur er lúta að samþykktum þjálfunarstöðvum;
  - e. Liður-AR undirliður FSTD, sértækar kröfur er lúta að hæfni FSTDs ;
  - f. Liður-AR undirliður AeMC, sértækar kröfur er lúta að fluglækningastöðvum; og
  - g. Liður-AR undirliður MED, sértækar kröfur er lúta að fluglækningavottun.
22. Sá texti sem lagður er til í álitinu endurspeglar þær breytingar sem gerðar hafa verið á upphaflegum tillögum stofnunarinnar (eins og þær voru gefnar út í tilkynningum um fyrirhugaðar breytingar nr. 2008-22b og 2009-02d) að viðhöfðu almennu samráði, sem og frekari breytingar sem gerðar voru í kjölfar greiningar og mats á viðbrögðum við CRD.


### Samráð

23. Stofnunin tók á móti 1.020 viðbrögðum frá yfir 70 athugasemdaaðilum vegna liðs-AR og liðs-OR, þar á meðal flugmálayfirvöldum frá Austurríki, Belgíu, Þýskalandi, Frakklandi, Finnlandi, Ítalíu, Írlandi, Hollandi, Noregi, Spáni, Svíþjóð, Sviss og Bretlandi, sem og fagstofnunum, stofnunum sem ekki eru reknar í hagnaðarskygni, einkafyrirtækjum og nokkrum einstaklingum. Flugmálastjórn Bandaríkjanna (FAA) endurskoðaði einnig CRDs og hafði engar athugasemdir fram að færa. Af öllum þeim viðbrögðum sem bárust, áttu 530 við lið-AR og 490 við lið-OR. Meirihluti viðbragðanna var vegna undirliðs GEN. U.þ.b. 20% af viðbrögðunum 1.020 voru vegna AMCs og GM við lið-AR og lið-OR.  
  
Grafið að neðan sýnir dreifingu viðbragðanna við lið-AR fyrir hina ýmsu undirliði.



**Graf 1: Viðbrögð við lið-AR - dreifing**

24. Uppruna viðbragðanna er að finna hér að neðan. Hafandi í huga að viðbrögð sem eiga uppruna sinn hjá fulltrúasamtökum iðnaðarins eru vanalega send í nafni einstakra meðlima þeirra, það má því gera ráð fyrir að hlutdeild samtaka í iðnaðinum sé of lág í þessu grafi. Sú staðreynd að meirihluti viðbragðanna eigi uppruna sinn hjá flugmálastjórnnum ríkja kemur hins vegar ekki á óvart.



**Graf 2: Viðbrögð við lið-AR - uppruni**

## Umfang og nothæfni

25. Hægt er að beita lið-AR, eins og hann er lagður til með þessu álit, við leyfisveitingu flugáhafna, við vottun og umsjón öryggis- og þjónustuliða, við samþykki og viðvarandi umsjón samþykktra þjálfunarstöðva og fluglækningastöðva, við hæfni FSTDs, við umsjón handhafa FSTD hæfnivottorða og við fluglækningavottun. Undirliður GEN í lið-AR skilgreinir sameiginlegar kröfur fyrir lögbær stjórnvöld, sem þýðir að þær eiga við öll tæknileg svið innan umfangsins.

Liður-AR undirliður GEN eins og lagt er til með þessu álit inniheldur þrjá hluta:

- Hluti I Almennt;
- Hluti II Stjórnun; og
- Hluti III Umsjón, vottun og framfylgd.

26. Þessir hlutar útfæra viðeigandi greinar grunnreglugerðarinnar hvað varðar samskipti milli samþykktra stofnana og lögbæra stjórnvaldsins, samvinnu og upplýsingamiðlun milli lögbærra stjórnvalda og við stofnunina, samþykki á leiðum til að fullnægja skilyrðum öðrum en þeim sem stofnunin hefur kveðið á um, þörfina á því að bregðast tafarlaust við öryggisvandamáli, sem og skilyrði til útgáfu, viðhalds, breytingar, takmörkunar, sviptingar eða afturköllunar vottorða og samþykkja. Undirliður GEN hefur enn fremur að geyma kröfur fyrir viðkomandi stofnun og stjórnunarkerfi lögbærra stjórnvalda sem eiga á beinan hátt við umsjónargetu lögbærra stjórnvalda.

Grunnreglugerð	Stjórnvaldskröfur
Grein 2(2)(d) Markmið Grein 15 Upplýsinganet	Öryggisáætlun (forsíðureglugerð grein 3)
Grein 18 Ráðstafanir stofnunarinnar Grein 19 Álit, vottanir og leiðsagnarefni	Leiðir til að fullnægja skilyrðum (AR.GEN.120)
Grein 7 Flugmenn	Umsjónargeta (Forsíðureglugerð grein 4)
Grein 7 Flugmenn (ATOs, AeMCs, FSTDs)	Umsjón (AR.GEN.300) Umsjónaráætlun (AR.GEN.305) Frumvottun (AR.GEN.310 og 315)
Grein 8 Flugrekstur	Breytingar - stofnanir (AR.GEN.330) Niðurstöður (AR.GEN.350)
Grein 8(4) Flugrekstur - Öryggis- og þjónustuliðar	Framfylgd - einstaklingar (AR.GEN.355)
Grein 10 Umsjón og framfylgd	Umsjón (AR.GEN.300) Umsjónaráætlun (AR.GEN.305) Niðurstöður (AR.GEN.350) Framfylgd - einstaklingar (AR.GEN.355)
Grein 13 + Viðauki V Viðurkenndar einingar	Úthlutun verkefna (AR.GEN.205)
Grein 14, grein (18)(d) Sveigjanleikaákvæði	Sveigjanleikaákvæði (forsíðureglugerð grein 5)
Grein 15 Upplýsinganet	Upplýsingar til stofnunarinnar (AR.GEN.125) Umsjónaráætlun (AR.GEN.305) Stjórnunarkerfi (AR.GEN.200)
Grein 14 Sveigjanleikaákvæði Grein 15 Upplýsinganet Grein 22(1) Vottun flugrekstrar	Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli (AR.GEN.135)
Grein 24 Vöktun reglubeitingarinnar	Stjórnunarkerfi (AR.GEN.200)

Grunnreglugerð	Stjórnvaldskröfur
	Breytingar á stjórnunarkerfinu (AR.GEN.210)
Grein 54 Skoðun á aðildarríkjum	Breytingar á stjórnunarkerfinu (AR.GEN.210) Skráning (AR.GEN.220)

**Tafla 1: Greinar grunnreglugerðar útfærðar af lið-AR**

27. Til samræmis við nálgun heildarkerfisins, hefur verið gert uppkast af kröfunum í undirlið GEN í því augnmiði að tryggja samræmi og samhæfni eins og hægt er með viðeigandi reglum á sviði flugvalla, flugumferðarstjórnar/flugleiðsöguþjónustu, sem og þess lofthæfis. Hafandi í huga almenn einkenni þeirra, þá taka tillagðar útfærslureglur tilhlýðilegt tillit til mikilvægra atriða (e. critical elements, CE) öryggisumsjónarkerfis sem skilgreind eru af ICAO<sup>17</sup>, þá einkum hvað varðar:

- CE-3: Almenningsflugkerfi ríkis og öryggisumsjónarhlutverk
- CE-4: Hæfni og þjálfun tæknimanna meðal starfsfólks
- CE-5: Tæknileg leiðsögn, verkfæri og veiting upplýsinga sem mikilvægar eru fyrir öryggi
- CE-6: Leyfisveiting, vottun, heimild og/eða samþykkisskyldur
- CE-7: Eftirlitsskyldur
- CE-8: Lausn öryggisvanda.

ICAO staðlar um útfærslu opinberrar öryggisáætlunar (e. State Safety Programme, SSP) krefjast þess að ríki komi á fót ferlum til að tryggja skilvirka vöktun á þessum mikilvægu atriðum<sup>18</sup>.

28. Tillagðar reglur notast ennfremur við viðkomandi ákvæði í EU-OPS undirlið C "Vottun og eftirlit með rekstraraðila"<sup>19</sup> og ákvæði sem voru fyrir hendi í JAA JIPs. Útfærslureglurnar og tengdar AMCs í undirlið GEN við lið-AR eru í fullu samræmi við viðkomandi staðla um öryggisumsjón sem er að finna í ICAO viðauka 6<sup>20</sup> lið I viðbæti 5 og lið III viðbæti 1. Undantekningin er staðall 5.5 "þóknun og skilyrði þjónustu", en fyrir hann er ekki hægt að leggja fram neina hliðstæðu í lið-AR, þar sem ekki er kveðið á um slík skilyrði í lögum á stigi ESB.

ICAO viðauki 6 liður I - Viðauki 5 ICAO viðauki 6 liður III - Viðauki 1	EASA reglur
1. Frumlöggjöf flugs	Reglugerð (EB) nr. 216/2008 OR.GEN.140
2. Sérstækar rekstrarreglugerðir	Reglugerð (EB) nr. 216/2008; Grunnkröfur, Reglugerð (EB) nr. 2042/2003

<sup>17</sup> Sjá ICAO skjal 9735 *Endurskoðunarhandbók fyrir öryggisumsjón*, 2. útgáfa — 2006, viðbæti C – með því að meta áhrifaríka útfærslu mikilvægra atriða öryggisumsjónarkerfis, ákvarðast geta ríkis til öryggisumsjónar sem hluti af ICAO endurskoðunaráætluninni um alþjóðlega öryggisumsjón.

<sup>18</sup> Sjá ICAO viðauka 1 viðhengi C og ICAO viðauka 6 viðhengi J "Rammi fyrir opinberu öryggisáætlunina" § 3.1.

<sup>19</sup> Reglusamanburðartöflur fyrir EU-OPS OG JAR-OPS 3 voru veittar með CRDs við lið-AR og lið-OR, sbr. <http://easa.europa.eu/rulemaking/docs/crd/part-ar/CRD%20c.4%20-%20Rule%20comparison%20EU-OPS+JAR-OPS3.pdf>.

<sup>20</sup> ICAO viðauki 1 inniheldur ekki slíkan viðbæti um öryggisumsjón.

ICAO viðauki 6 liður I - Viðauki 5 ICAO viðauki 6 liður III - Viðauki 1	EASA reglur
	Liður-AR undirliður OPS
3. Uppbygging CAA og öryggisumsjónarhlutverk	AR.GEN.200(a)(2) nægilegur starfsmannafjöldi Forsíðureglugerð grein 4
4. Tæknileg leiðsögn	AR.GEN.200(a)(1) AR.GEN.300(f)
5. Hæfir tæknimenn meðal starfsfólks	AR.GEN.200(a)(2) GM1 og 2-AR.GEN.200(a)(2)
6. Leyfisveiting og vottunarskyldur	AR.GEN.200(a)(1) - AMC1-AR.GEN.305(b)-OPS AR.GEN.310 - AMC1-AR.GEN.310(a)-OPS
7. Áframhaldandi eftirlitsskyldur	AR.GEN.200(a)(1); AR.GEN.300 AR.GEN.305; AMC1-AR.GEN.305(b)
8. Lausn öryggismála	AR.GEN.200(a)(1) og AR.GEN.350 AR.GEN.350

**Tafla 2: Samsvörun milli viðeigandi ICAO staðla fyrir umsjón og liðs-AR**

29. Með því að leggja til sameiginlegar kröfur sem beita má við allar gerðir vottunar og samþykkja, útfærir undirliður GEN í lið-AR niðurstöður JAA COA skýrslunnar hvað varðar árangurstengda umsjón, einfaldaða samþykktarferla sem gefa samræmi í samþykktum stofnana, þar sem slíkt samræmi er nauðsynlegt svo að stofnanir megi útfæra skilvirk stjórnunarkerfi (öryggis). ICAO markmið þess að innleiða SMS á öllum sviðum flugs leiðir óumflýjanlega til sömu grunnmegingreina stofnanastjórnunar og -samþykkis.
30. Að lokum, þar sem liður-AR byggir á núgildandi regluefni og leggur til kröfur sem eru að fullu aðlagðar viðkomandi ICAO stöðlum fyrir öryggisumsjónarkerfi ríkja, er kjarni þeirra stjórnvaldsverkefna sem skilgreind eru í útfærslureglunum sem lagðar eru til með þessu álit, í meginatriðum ekki frábrugðinn þeim sem lögbær stjórnvöld eru þegar að inna af hendi í dag. Öll viðbótarverkefni eru réttlætt, annað hvort á beinan hátt í grunnreglugerðinni (þ.e. útfærsla þeirra greina sem hafa að gera með fyrstu útvíkkunina, meginmarkmið grunnreglugerðarinnar hvað varðar öryggi, stöðlun og samræmingu) eða í þeim ICAO stöðlum er lúta að stofnsetningu SSP.

### Forsíðureglugerð - atriði sem eiga við lið-AR

31. Kröfur sem eiga við aðildarríki, frekar en lögbær stjórnvöld, er að finna í forsíðureglugerðinni: Grein 3 krefst þess að aðildarríki og stofnunin komi á fót flugöryggisáætlunum sem ætlað er að stuðla að samfelldum endurbótum á öryggi. Hún útlístar einnig þrófina á því að aðildarríki samræmi öryggisáætlanir sínar, þar sem nú sé þess krafist að flugöryggi sé sameiginlega stjórnað af EASA ríkjunum. Einkum gerir núverandi miðlun hæfni innan Evrópusambandsins ekki ráð fyrir því að öryggisáætlun sé útfærð af einu aðildarríki óháð öðrum. Í framtíðinni mun liggja fyrir meira efni til að efla sameiginlega útfærslu krafna opinberrar öryggisáætlunar (SSP) ICAO innan hins evrópska ramma. Þetta mun byggjast á þeirri vinnu sem verið er að samræma af ráðgjafanefnd Flugöryggisstofnunar Evrópu (e. European Aviation Safety Advisory Committee, EASAC), þá sérstaklega hvað varðar EASP efni.
32. Grein 4 í forsíðureglugerðinni leggur til kröfur um umsjónargetu. Þessi ákvæði, eru í fullu samræmi við viðeigandi mikilvæg ICAO atriði öryggisumsjónarkerfis, en skipa



aðildarríkjum enn fremur að tryggja að umsjónarstarfsfólk þess hafi tilhlýðilegt vald til þess að inna af hendi vottunar- og umsjónarverkefni og verði ekki fyrir neinum hagsmunaárekstri af neinu tagi.

33. Grein 5 í forsiðureglugerðinni skilgreinir upplýsingarnar sem þurfa að fylgja tilkynningunni sem send er af aðildarríki þegar verið er að nýta sveigjanleikaákvæðin sem kveðið er á um í greinum 14.1, 14.4, 14.6 í grunnreglugerðinni og af stofnuninni þegar undanþága er veitt í samræmi við grein 18(d) í grunnreglugerðinni<sup>21</sup>. Þetta skal tryggja samræmda beitingu viðkomandi ákvæða og aukna skilvirkni við veitingu undanþága og frávika, án þess þó að vera frekari byrði.
34. Grein 9 í forsiðureglugerðinni stofnar til skyldu fyrir aðildarríki um að flytja gögn til stofnunarinnar í tengslum við umsjón ATOs og AeMCs sem staðsett eru utan yfirráðasvæðis aðildarríkanna, þar sem aðildarríki verða ekki lengur hæf hvað varðar slíkar stofnanir eftir 8. apríl 2012. Stofnunin mun veita viðkomandi lögbærum stjórnvöldum nánari upplýsingar er varða slíkan flutning gagna.

Grein 10 í forsiðureglugerðinni skilgreinir dagsetningu gildistöku og beitingar: við mat á þörfinni á aðlögun eða seinkun á útfærslu stjórnvaldskrafna, tók stofnunin tillit til þess að tillagðar stjórnvaldskröfur eru, að stórum hluta, byggðar á núverandi regluefni og innihalda ekki atriði sem eru í grundvallaratriðum ný af nálinni með tilliti til skipulags lögbærs stjórnvalds á sviði vottunar og umsjónar. Einnig er það haft í huga að aðildarríki, þar sem þau teljast vera samningsríki samkvæmt Chicago sáttmálanum, hafa verið að útfæra öryggiseftirlitskerfi um árabíl. Jafnvel mikilvægara er, að um leið og hinar nýju reglur verða nothæfar, verða aðildarríki að vera í aðstöðu til að geta unnið úr öllum nýjum umsóknum á grundvelli hinna nýju krafna, sem felur í sér að uppfæra verður skipulag þeirra og eftirlitskerfi fyrirfram. Fimm evrópsk flugmálayfirvöld gerðu athugasemdir við tillöguna sem gerð var með CRD þess efnis að veita aðildarríkjum 12 mánaða frest til að uppfæra stjórnvöldsluferli sín svo að þau uppfylli hinar nýju reglur, og vildu þau að þessi tími yrði framlengdur í 24 mánuði. Eftir að innri endurskoðun hafði farið fram, fjarlægði stofnunin að lokum þetta ákvæði, þar sem það samræmist ekki þeim úrsögnum sem lagðar eru til og, það sem er enn mikilvægara, það gæti verið í andstöðu við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 736/2006 um vinnuaðferðir Flugöryggisstofnunar Evrópu við framkvæmd stöðlunareftirlits<sup>22</sup>. Hins vegar ætti að gefa meiri tíma til nauðsynlegrar aðlögunar og uppfærslu í hinum ítarlegu umsjónarferlum og kerfum þar að lútandi, eins og forritum, vegna breytinga á reglutilvitnunum í kjölfar ákvörðunarinnar um að hverfa aftur til lóðréttrar reglusamsetningar. Til að taka á þessu er almenn 6 mánaða úrsögn innifalin í grein 10.2.

Aðlögunarráðstafanir og úrsagnir sem ætlaðar eru stofnunum eru útskýrðar í málsgreinum 81 til 86 í þessari skýringu.

## Liður-AR undirliður GEN hluti I - Almenn

35. Hluti I myndar heild með kröfunum fyrir aðildarríki sem skilgreindar eru á stigi forsiðureglugerðarinnar með almennum kröfum sem eiga við lögbær stjórnvöld. Hann miðar fyrst og fremst að því að stuðla að samvinnu og upplýsingamiðlun milli stjórnvalda og stofnunarinnar, sem og á milli stjórnvaldanna sjálfra. Þessi ákvæði eiga rætur að rekja til hinna háttsettu krafna sem er að finna í grunnreglugerðinni (einkum í greinum 5(5); 7(6); 8(5); 10; 15; 22(1) og 24). Hluti I hefur einnig að geyma einnig skyldur er lúta að umsjónargögnum sem eru viðbót við viðeigandi ákvæði er varða umsjónargetu sem er að finna í forsiðureglugerðinni með tilvísun í mikilvæg atriði ICAO CE-5 "Tæknileg leiðsögn, verkfæri og veiting upplýsinga sem mikilvæggar eru fyrir öryggi".

<sup>21</sup> með síðustu breytingum reglugerðar (EB) 1108/2009.

<sup>22</sup> Stjórnartíðindi EB L 240, 07.09.2002, bls. 1.

36. Hluti I krefst þess ennfremur að lögbær stjórnvöld veiti stofnuninni upplýsingar er varða öryggi (AR.GEN.125(b)). Þrátt fyrir að tilskipun 2003/42/EB<sup>23</sup> hafi komið á hugtaki lögbundinna öryggisskýrsla þegar til alvarlegra atvika kemur, var skoðunin sú að tengdar útfærsluáðgerðir<sup>24</sup> geri ekki ráð fyrir skýrum kröfum þess efnis að það þurfi að veita stofnuninni allar tiltækar öryggisupplýsingar á viðeigandi sniði. Tilkynna ætti stofnuninni um mál er tengjast hönnun, rekstrarhæfigögnum (e. operational suitability data, OSD) og rekstraröryggi eins og tilgreint er í EASP eða á sviðum sem eru sérstaklega tilgreind af stofnuninni sem öryggisvandamál. AMC efni verður innifalið fyrir AR.GEN.125(b) sem útkoma þeirrar vinnu sem nú er yfirstandandi innan ramma innra atvikatilkynningarkerfis (e. Internal Occurrence Reporting System, IORS) stofnunarinnar. Á móti færir þetta stofnuninni mikilvægt verkfæri til þróunar á árlega öryggisfirlitinu sem löggjafinn hefur falast eftir<sup>25</sup>.
37. Hluti I hefur að geyma kröfur fyrir úrvinnslu leiða til að fullnægja skilyrðum annarra en þeirra viðeigandi og tækra leiða til að fullnægja skilyrðum sem gefnar eru út af stofnuninni. Hugtakið viðeigandi og tækar leiðir til að fullnægja skilyrðum (e. Acceptable Means of Compliance, AMS) eins og til er vísað í greinum 18 og 19 í grunnreglugerðinni er fyrst og fremst notað til að gera tækni-/verklagsefni hæft til notkunar aðildarríkja og iðnaðarins við innleiðingu grunnreglugerðarinnar og útfærslureglna hennar. Í þessu tilliti sýnir AMC fram á leiðir til að uppfylla regluna. Þar sem efni þar að lútandi sem gefið er út af stofnuninni er ekki af löggjafarlegum toga, getur það ekki stofnað til skyldu lögbundinna einstaklinga og þeir geta ákveðið að sýna fram á fylgni við viðeigandi kröfur eftir öðrum leiðum. Hins vegar ætlaðist löggjafinn til þess að slíkt efni gæfi umsækjendum lagalega vissu og að það stuðlaði að samræmdri útfærslu, og hefur því veitt því forsendu fylgni við regluna. AMC skuldbinda lögbær stjórnvöld á þann hátt að það verður að viðurkenna lögbundna einstaklinga sem uppfylla þær, sem svo að þeir uppfylli lögin. Hins vegar er veittur sveigjanleiki þar sem hagsmunaaðilar geta lagt fyrir sitt lögbæra stjórnvald aðrar leiðir til að fullnægja skilyrðum og síðan er hægt samþykkja og útfæra þessar aðrar leiðir til að fullnægja skilyrðum, að því gefnu að þeir geti sýnt fram á að hægt sé að ábyrgjast jafngilt öryggisstig.
38. Tillagan sem lögð var fram með CRD miðaði að því að tryggja samræmda úrvinnslu lögbærra stjórnvalda á slíkum öðrum leiðum og veita algjört gagnsæi, sem skortur er á í núverandi kerfi. Lagalegan grundvöll fyrir kerfi annarra leiða til að fullnægja skilyrðum og skyldur lögbærra stjórnvalda má meðal annars finna í greinum 5(5), 7(6) og 8(5) í grunnreglugerðinni, sem kveða á um að taka skuli upp útfærslureglur um hvernig eigi að gefa út, viðhalda og breyta vottorðum og samþykkjum. Þar sem aðrar leiðir til að fullnægja skilyrðum eru aðallega valkostur fyrir umsækjendur til að sýna fram á fylgni við útfærslureglurnar, taldi stofnunin það nauðsynlegt að setja á fót ferli fyrir bæði umsækjendur og yfirvöld til að takast á við þessar aðrar leiðir til að fullnægja skilyrðum. Hvað varðar hlutverk og skyldur sem innifaldar eru fyrir stofnunina, er lagalegur grunnur þeirra í því valdi sem eignað er stofnuninni til vöktunar á útfærslu reglna af lögbærum stjórnvöldum og til stöðlunar á starfsemi þeirra (sjá grunnreglugerð, greinar 10 og 24).
39. Með tilliti til stöðlunar og samræmingar, er kveðið á um skyldu fyrir lögbært stjórnvald þess efnis að tilkynna stofnuninni um hverja aðra leið til að fullnægja skilyrðum sem það hefur samþykkt eða er að nota, sem og að gera tiltæka öllum stofnunum og einstaklingum sem eru undir umsjón þess þá aðra leið til að fullnægja skilyrðum sem það lögbæra stjórnvald notar til þess að ná fram fylgni við viðeigandi reglur. Þetta innleiðir nýtt verkefni fyrir lögbær stjórnvöld, sem hins vegar er hægt að útfæra á grundvelli núverandi kerfa og ferla; því er þess vænst að sú byrði sem bætist við sé takmörkuð.

<sup>23</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB frá 13. júní 2003 um atvikatilkynningu í almenningssflugum (Stjórnartíðindi Evrópu L 167, 4.7.2003, bls. 23).

<sup>24</sup> Grein 2 í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 frá 12. nóvember 2007 sem fyrirskipar útfærslureglur til samþættingar í miðlæga geymslu upplýsinga um atvik í almenningssflugum sem skipst er á í samræmi við tilskipun texta Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/42/EB sem varðar EES (Stjórnartíðindi Evrópu L 294, 13.11.2007, bls. 3).

<sup>25</sup> Grein 15(4) í grunnreglugerðinni.

Það kom berlega í ljós í gegnum athugasemdirnar við tilkynningu um fyrirhugaða breytingu og CRD viðbrögðin að meirihluti hagsmunaaðila aðhylltist kerfisbundna fyrirfram athugun af hálfu stofnunarinnar á öllum öðrum leiðum til að fullnægja skilyrðum áður en samþykki þeirra og/eða útfærsla af hálfu lögbæra stjórnvaldsins færi fram. Meginrökin eru þau að viðhalda jafnréttisgrundvelli og að eyða þeirri óvissu sem býr að baki þeirri staðreynd að síðar má véfengja aðrar leiðir til að fullnægja skilyrðum sem samþykktar eru af lögbæru stjórnvaldi án inngrips stofnunarinnar, til dæmis á meðan á stöðlunareftirliti stendur. Grunnreglugerðin inniheldur ekki umboð til slíks fyrirfram samþykkis stofnunarinnar þar sem hún lætur aðildarríkjunum eftir útfærslu reglnanna. Því er ekki hægt að taka á þessum málum samkvæmt núgildandi lagakerfi. Hins vegar, til að taka tillit til þeirra áhyggja sem hagsmunaaðilar hafa, er gert ráð fyrir mildandi þætti með því að skýra kröfuna á hendur lögbæru stjórnvaldi um að koma á fót kerfi sem metur reglulega og stýrir öllum öðrum leiðum til að fullnægja skilyrðum. Í þessu samhengi er mikilvægt að geta þess að notkun leiða til að fullnægja skilyrðum sem samþykktar eru af lögbæru stjórnvaldi takmarkast við stofnanir sem eru undir umsjón þess stjórnvalds. Það þýðir að aðrar stofnanir sem óska þess að nota sams konar aðrar leiðir til að fullnægja skilyrðum verða að vinna úr þeim á ný með sínu lögbæra stjórnvaldi.

40. Að lokum, til að svara CRD viðbrögðum, einfaldaði stofnunin skilgreiningarnar með því að eyða hugtakinu "viðbótarleiðir til að fullnægja" og útvíkka skilgreininguna í "aðrar leiðir til að fullnægja" til að ná yfir leiðir sem gefa aðra möguleika en núverandi AMC og nýjar leiðir til að koma á fylgni við grunnreglugerðina og útfærslureglur hennar þar sem engar tengdar AMC hafa verið teknar upp af stofnuninni.

#### **Liður-AR undirliður GEN hluti II - Stjórnun**

41. Reglurnar í hluta II krefjast þess að lögbær stjórnvöld komi á fót og viðhaldi stjórnunarkerfi til að uppfylla skyldur þeirra og sinna ábyrgð eins og fellt er inn í lið-AR. Meginatriði slíks stjórnunarkerfis líkja eftir dæmigerðum kröfum stjórnunarkerfis sem eiga við um stofnanir:
- skjalfestar stefnur og ferli;
  - nægilega og viðeigandi hæft starfsfólk, þar á meðal skyldan til að áætla fánleika starfsfólks;
  - útnefning stjórnunarstarfsfólks fyrir mismunandi svið starfsemi;
  - viðunandi aðstaða og aðbúnaður;
  - vöktun fylgni við stjórnunarkerfið, þar á meðal tilnefning einstaklings eða hóps einstaklinga sem bera ábyrgð á fylgnivöktun;
  - þörfin á því að tryggja að vottunar- og umsjónarverkefni sem framkvæmd eru fyrir hönd lögbæra stjórnvaldsins samræmist viðeigandi kröfum;
  - kerfi til að auðkenna breytingar sem hafa áhrif á stjórnunarkerfið og til að grípa til aðgerða til að tryggja áframhaldandi árangur þess; og
  - gagnavörslukerfi í því skyni að tryggja rekjanleika framkvæmdra aðgerða.
42. Þessar stjórnunarkerfiskröfur fá viðbót frá sértækri kröfu um að stofnsetja ferli til árangursríkrar upplýsingamiðlunar og aðstoðar við önnur stjórnvöld, sem lýsir nánar kröfunum í grein 15(1) í grunnreglugerðinni. Hinar sameiginlegu kröfur fyrir stjórnunarkerfi lögbærra stjórnvalda sem lagðar eru til með hluta II tengjast á beinan hátt mikilvægum ICAO atriðum öryggisumsjónarkerfa, CE-4 "Hæfni og þjálfun tæknimanna meðal starfsfólks" og CE-5 "Tæknileg leiðsögn, verkfæri og veiting upplýsinga sem mikilvægar eru fyrir öryggi". Þessar kröfur styðja við útfærslu SSPs og skulu stuðla að sköpun skilvirks umsjónarkerfis sem auðveldar og hvetur lögbundnar stofnanir til þess að útfæra stjórnunarkerfi í samræmi við lið-OR.

43. Með það í huga að styðja við stöðlunarferlið og auðvelda framgang þess ferlis í átt að stöðugri vöktun<sup>26</sup>, krefst hluti II þess af lögbærum stjórnvöldum að þau láti stofnuninni í té viðeigandi skjöl er varða stjórnunarkerfi þeirra og breytingar þar á.
44. Hvað varðar notkun viðurkenndra eininga (AR.GEN.205), véfengdu sum aðildarríkin innfellingu sérstakra ákvæða í lið-AR, og héldu því fram að grein 13 í grunnreglugerðinni og viðauka V tækju á þessu máli af nægjanlegum þunga. Á móti telur stofnunin að grunnreglugerðin taki ekki á því hvernig tryggja skuli hinar tilgreindu skyldur og mun því halda sig við ákvæðin, í breyttri útgáfu: Reglan fjallar nú um úthlutun lögbærs stjórnvalds á vottunar- og umsjónarverkefnum til lögaðila eða einstaklinga og beinir sjónum að þeim viðmiðunum sem settar eru. Markmið slíkra sértækra reglna er að ábyrgjast að öll vottunar- og umsjónarverkefni sem innt eru af hendi fyrir hönd lögbæra stjórnvaldsins samræmist viðeigandi kröfum, líkt og er krafist af stofnunum þegar gerðir eru samningar um starfsemi innan umfangs samþykkis þeirra. Þessi nýja útfærsluregla á beint við þegar verið er að tryggja hátt öryggisstig vottunar- og umsjónarstarfsemi lögbærs stjórnvalds, sem og samræmda útfærslu viðeigandi ákvæða grunnreglugerðarinnar.
45. Á meðan ákvæðin í hluta II eiga rætur að rekja til núverandi krafna, eins og þeirra sem er að finna í hluta B í reglugerð (EB) nr. 2042/2003 á sviði skipulags lögbærs stjórnvalds, hæfni og þjálfunar, ferla, aðstöðu og skráningar þess ásamt fleiru, krefjast þær nokkurra nýrra verkefna af lögbærum stjórnvöldum:
- sending ferla og breytingar þar á til stofnunarinnar, upplýsingar til stofnunarinnar varðandi breytingar sem hafa á áhrif stjórnunarkerfið (AR.GEN.200(d) og AR.GEN.210(c));
  - skilgreining og útfærsla ferla til þátttöku í gagnkvæmri upplýsingamiðlun og aðstoð við önnur lögbær stjórnvöld AR.GEN.200(c); og
  - útfærsla fylgnivöktunarkerfis (AR.GEN.200 (a)(4);(5)), þar á meðal útfærsla kerfis til að meta í upphafi og framvegis lögaðila og einstaklinga sem framkvæma vottunar- eða umsjónarverkefni fyrir hönd lögbæra stjórnvaldsins (AR.GEN.205).
- Aftur á móti hvað varðar verkefni a. og b. má gera ráð fyrir því að stjórnvöld geti treyst á fyrirbyggjandi aðföng og samskiptaleiðir, á það er fallist að útfærsluverkefni c. geti krafist viðbótaraðfanga. Í grein 4(4) í forsiðureglugerðinni er kveðið skýrt á um ábyrgð aðildarríkja hvað það varðar að láta lögbærum stjórnvöldum í té nauðsynlega umsjónargetu og aðföng til framkvæmdar á verkefnum sínum í samræmi viðeigandi kröfur. Þetta skal vera lagalegur grundvöllur þess að fjármögnun allra viðbótarverkefna sé tryggð. Í þessu samhengi er vert að geta þess að árangursríkt stjórnunarkerfi, að meðtaldri árangursríkri fylgnivöktun, getur verið mikilvægur þáttur í að tryggja hagkvæmni í vottunar- og umsjónarferlum.
46. Ennfremur reifa ákvæðin í hluta II nú skyldurnar:
- á hendur lögbærum stjórnvöldum þess efnis að viðhalda lista yfir öll vottorð stofnana, FSTD hæfnivottorð og leyfi starfsmanna, áritanir, vottorð eða vottanir sem gefnar hafa verið út (AR.GEN.220(b));
  - á hendur lögbærum stjórnvöldum þess efnis að halda skýrslur varðandi mat á öðrum leiðum til að fullnægja skilyrðum sem lagðar eru til af stofnunum sem heyra undir vottun og mat á öðrum leiðum til að fullnægja skilyrðum sem notaðar eru af lögbæra stjórnvaldinu sjálfu; og
  - þess efnis að útfæra kerfi til að áætla fáanleika starfsfólks (AR.GEN.200(a)(2)).

<sup>26</sup> Stöðuga vöktunaraðferðin (e. The Continuous Monitoring Approach, CMA) mun fela í sér stofnsetningu kerfis sem vaktar aðildarríki stöðugt með samstilltri og samræmdri nálgun. Vöktun á öryggisumsjónargetu aðildarríkja verður byggð á fjórum eftirfarandi lykil skrefum: (1) safna og fullgilda öryggis gögn, (2) greina og mæla stig öryggisumsjónargetu, (3) bera kennsl á vankanta og meta hættur þar að lútandi, (4) þróa og útfæra áætlanir til mildunar á áhættu.

Þrátt fyrir að núverandi reglur feli ekki í sér slíkar skýrar kröfur, má gera ráð fyrir því að lögbær stjórnvöld hafi á að skipa kerfum sem krafist er til fylgni á þessum nýju kröfum sem eru hluti af stjórnun þeirra á vottorðum og samþykkingum og starfsmannastjórnun þeirra.

### Liður-AR undirliður GEN hluti III - Umsjón, vottun og framfylgd

47. Þessi hluti innan liðs-AR undirliðs GEN færir lögbærum stjórnvöldum hin nauðsynlegu undirstöðuatriði varðandi það hvernig samskiptum við lögbundnar stofnanir og einstaklinga skal háttað. Hann lýsir almennum meginreglum umsjónar, tekur á atriðum umsjónaráætlunarinnar og lýsir hinum sértæku aðgerðum, hlutverkum og skyldum lögbærra stjórnvalda fyrir vottunar-, viðvarandi umsjónar- og framfylgdarferli. Hann byggist á stofnsettum ferlum í núgildandi reglugerðum. Reglurnar um umsjón taka tillit til hinna háttsettu krafna sem er að finna í grunnreglugerðinni í því skyni að tryggja að umsjón sé ekki takmörkuð við stofnanir og einstaklinga sem vottaðir eru af lögbæra stjórnvaldinu.

Viðeigandi ákvæði eiga rætur að rekja til JAA JIPs til JAR-OPS og JAR-FCL, sem og núgildandi krafna hluta B í reglugerð (EB) nr. 1702/2003 og 2042/2003. Viðeigandi greinar grunnreglugerðarinnar eru fyrir OPS: 8(5); fyrir FCL: 7(6); fyrir samstarfsumsjón; Greinar 10, 11 og 15. Til að bregðast við svörum hagsmunaaðila, verða fleiri sértækar leiðbeiningar varðandi frumvottun og umsjón, sem taka sérstaklega á ferlum, starfsmannahæfni og nægjanleika fjölda, gildis leyfa og áritana fyrir flugkennara o.s.frv... innifaldar í AMCs og GM.

48. Tillagan sem gerð var með tilkynningunni um fyrirhugaða breytingu fól í sér undirstöðuatriði sem leiddu af COra ráðleggingunum til útgáfu á stöku stofnanavottorði til þeirra stofnana sem eru handhafar samþykkja í samræmi við fleiri en einn lið. Greining á athugasemdunum við tilkynninguna um fyrirhugaða breytingu gáfu skýrt til kynna að ekki er stuðningur við hugtakið um "stakt vottorð". áhyggjur iðnaðarins tengjast þeirri staðreynd að ICAO krefst ekki "forsíðu" stofnunarsamþykkis til viðbótar við AOC, því myndi stakt vottorð stofna til evrópskrar sérhæfni án alþjóðlegrar viðurkenningar. Lögbær stjórnvöld gerðu þá athugasemd að ekki væri skýrt kveðið á um skilyrðin til útgáfu staks vottorðs og tengslin milli sjálfstæðs stofnanavottorðs og vottorða sem eru sértæk fyrir ákveðin svið (AOC, ATO, AeMC). Þau héldu því enn fremur fram að stakt stofnanavottorð myndi stofna til verulegrar aukningar á vinnuálagi fyrir stjórnvöld sem ekki væri réttlætjanlegt með tilliti til öryggis. Þar sem hægt er að ná meginmarkmiðunum að baki staks stofnanavottorðs án þess að setja á útgáfu staks vottorðs, féllst stofnunin á að falla frá hugtakinu um stakt vottorð. Hvað varðar árangursríka umsjón er það vissulega meira viðeigandi að hagræða umsjónaráætluninni fyrir stofnanir sem hafa samþykki í samræmi við fleiri en einn lið frekar en að gefa út sjálfstætt stofnanavottorð. Viðurkenning endurskoðunaratriða fyrir stofnanir sem vottaðar eru í samræmi við fleiri en einn lið er leyfð, eins og lýst er í AMCs við AR.GEN.305.

49. Tilkynningin um fyrirhugaða breytingu felur einnig í sér tillögu um samstarfsumsjón<sup>27</sup> sem ætlað er að veita grundvöll til að tryggja sem árangursríkasta umsjón þeirra aðgerða sem ekki eru landfræðilega takmarkaðar við aðildarríkin þar sem vottorðið hefur verið gefið út. Meginmarkmið ákvæðanna um samstarfsumsjón er að koma á evrópskri vídd í umsjón, með því að hvetja til bestu notkunar aðfanga á hverjum stað fyrir sig til umsjónar, en tryggja á sama tíma að allir einstaklingar, stofnanir eða loftför heyri undir reglulega umsjón. Þetta myndi innleiða sumar hinna sértæku ráðlegginga ráðstefnu framkvæmdastjóra almenningsflugs um hnattræna áætlun fyrir öryggisumsjón (sem haldin var í höfuðstöðvum ICAO árið 1997) þar sem lögð var áhersla á þörfina á að samræma og samstillta meginreglur og ferla til að meta öryggisumsjón á hnattrænu stigi og kostir þess að taka upp svæðisbundnar áherslur voru viðurkenndir. Margar

<sup>27</sup> Hugtakið "sameiginleg umsjón" sem notað er í skýringu við tilkynningu um fyrirhugaða breytingu nr. 2008-22 er nú leyst af hólmi með "samstarfsumsjón", sem þykir endurspeglar betur ætlun viðeigandi ákvæða.

athugasemdir bárust vegna tillögu stofnunarinnar. Meirihluti athugasemdana var gerður af lögbærum stjórnvöldum, sem lýstu áhyggjum vegna þess að mögulega væri verið að gera umsjónarskyldur óskýrar og og vegna hagnýtra þátta samstarfs milli stjórnvalda, þar sem ólík réttarkerfi eða tungumálhindranir myndu reynast fjötur um fót. Áhyggjur iðnaðarins beindust aðallega að aukinni byrði og mögulegum tvíverksaði umsjónar stofnana sem störfuðu í mörgum aðildarríkjum.

50. Í samræmi við ráðleggingarnar frá AR/OR endurskoðunarhópnum og í kjölfar sérhæfðs fundar með fulltrúum Ráðgjafanefndar innlendra stjórnvalda (Advisory Group of National Authorities, AGNA), var skerpt frekar á viðeigandi ákvæðum AR.GEN.hluta III svo að tekið væri á þeim megináhyggjum sem hagsmunaaðilar létu í ljós. Notast verður við nálgun byggða á áhættu sem tekur fyrst og fremst tillit til þeirra forgangsatríða öryggis sem nefnd eru í opinberu öryggisáætluninni sem vísað er til í 3. grein forsíðureglugerðarinnar, til að ákvarða umfang umsjónar fyrir aðgerðir sem framkvæmdar eru á landssvæði aðildarríkisins af einstaklingum eða stofnunum sem ekki eru vottaðar af hinu lögbæra stjórnvaldi. Meginábyrgð hins lögbæra stjórnvalds sem gaf út vottorðið er óbreytt. Við tillöguna bætast ákvæði um sjálfviljuga samvinnu í formi samninga á milli stjórnvalda svo að það stjórnvald sem hefur yfirráðarétt yfir því svæði sem aðgerðin á sér stað á megi framkvæma þann hluta umsjónarinnar, því eru sjáanleiki þessara aðgerða aukinn. Þetta ætti að hvetja lögbær stjórnvöld til þess að nýta aðföng stjórnvalds á staðnum á sem bestan hátt. Útfærslureglunum er lúta að niðurstöðum og framfylgd (AR.GEN.350 og AR.GEN.355) var breytt til samræmis. AR.GEN.350 var breytt frekar til að gæta samræmis við AR.CC svo að tekið væri á fölsun og svikum. Nýrri undirmálsgrein AR.GEN.300(f) er bætt við svo að ákvæðin sem áður voru skilgreind í AR.GEN.425(a) séu innifalin, hin síðarnefnda er flutt í reglugerðina um flugrekstur.
51. Á meðan stofnunin breytti tillögu sinni um samstarfsumsjón til að taka á megináhyggjum þeim sem tjáðar voru af aðildarríkjum, undirstrikar hún mikilvægi þess að útvíkka umsjón til allra aðgerða innan landssvæðis aðildarríkis og að auka samvinnu milli lögbærra stjórnvalda aðildarríkja, svo að hægt sé að mæta áskorunum hins sameiginlega markaðar: Aukinn fjöldi flugmanna og rekstraraðila, en einnig flugprófdómara og fluglækningaprófdómara, má neyta sérréttinda sinna í ESB ríki öðru en því ríki sem er fyrst og fremst ábyrgt fyrir umsjón þeirra. Því leggur stofnunin til endurskoðun á útfærslu ákvæða samstarfsumsjónar og viðeigandi virkni umsjónarkerfisins í framtíðinni, ekki einvörðungu til að greina mögulegar glufur í umsjón eins snemma og hægt er, heldur einnig til að skera úr um þörfina á sértækari ákvæðum, með það að markmiði að hlúa að umsjónargetu á evrópska vísu, bæði hvað varðar öryggi sem og skilvirka notkun aðfanga.
52. Annað mikilvægt atriði sem lagt er til með tilkynningunni um fyrirhugaða breytingu er að færast í átt að umsjón sem byggð er á áhættu og árangri, sem á einnig rætur sínar að rekja til CO<sub>2</sub>A framtaksins. Í kjölfar mats á athugasemdum við tilkynningu um fyrirhugaða breytingu, var 24 mánaða millibil umsjónar sem upphaflega var skilgreint á stigi útfærslureglu fært í AMC við AR.GEN.305 fyrir CRD, í því skyni að veita sveigjanleika. Þessi breyting á AMC stigi hrinti af stað viðbrögðum hagsmunaaðila sem lýstu alvarlegum áhyggjum af innleiðingu kerfis á þessum tímamarki sem byggði algjörlega á áhættu : Því var haldið fram að ekki ætti að taka upp slíkt kerfi fyrr en lögbundnar stofnanir hefðu náð nægilegum þroska í öryggisstjórnunarkerfum sínum og lögbær stjórnvöld sæu betur fram á öryggisárangur sinn, með söfnun og greiningu viðeigandi gagna. Sumir hagsmunaaðilar sögðu ennfremur að nota mætti veittan sveigjanleika í sumum aðildarríkjum til að réttlæta frekari samdrátt í aðföngum lögbærra stjórnvalda. Til að bregðast við þessum áhyggjum, samþykkti stofnunin að festa 24 mánaða millibilið aftur í sessi á stigi útfærslureglu og leggur nú til fjölda viðmiðana til framlengingar eða styttingar á þessu staðlaða millibili umsjónar. Þessi ákvæði ná til stofnana sem vottaðar eru af lögbæru stjórnvaldi og handhafa FSTD hæfnivottorða.
53. AR.GEN.300 og AR.GEN.305 fela í sér almennar kröfur fyrir umsjón einstaklinga með skoðunum. Sum samtök hagsmunaaðila og stofnanir sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni létu í ljós viðbrögð við þessum ákvæðum og véfengdu þörfina á fyrirvaralausum

skoðunum og héldu því fram að ákvæðin leiddu til viðbótarkostnaðar sem yrði velt yfir á leyfishandhafa. AMC verða innifaldar til að skýra að umsjón með einstaklingum sem eru handhafar skirteinis, vottorðs, áritunar eða vottunar ætti vanalega að vera tryggð sem hluti af umsjón með stofnunum þar sem þessir einstaklingar neyta sérréttinda sinna. Ennfremur ætti lögbæra stjórnvaldið að staðfesta fylgni við viðeigandi kröfur þegar áritanir eru gefnar eða endurnýjaðar. Þar að auki ætti lögbæra stjórnvaldið að framkvæma ákveðinn fjölda fyrirvaralausra skoðana, til að sinna umsjónarskyldum sínum. AMC munu endurspegla ákvæði ICAO skjals 9379 "Handbók ferla til stofnsetningar og stjórnunar á opinberum kerfum til útgáfu skirteina".

54. Ákvæði "óbeins samþykkis" ákveðinna tegunda stofnanabreytinga sem lögð voru til með tilkynningunni um fyrirhugaða breytingu voru endurskoðuð. Tekið er á málinu í AR.GEN.330 "Breytingar - stofnanir" og breytingar eru flokkaðar eftir því hvort þær krefjast fyrirbyggjandi samþykkis lögbæra stjórnvaldsins eða ekki. Ennfremur eru ákvæði innifalin fyrir þær stofnanir sem óska eftir því að innleiða breytingar án fyrirbyggjandi samþykkis lögbærs stjórnvalds: stofnanirnar skulu hafa á að skipa ferli sem tilgreinir umfang slíkra breytinga og lýsir því hvernig þeim er hagað og leggja þetta ferli fyrir lögbæra stjórnvaldið til samþykkis (sbr. AR.GEN.310(c)). Breyttu ákvæðin uppfylla að fullu ætlun "óbeins samþykkis" eða breytinga "sem eru þóknanlegar stjórnvaldinu".
55. Tillögðum útfærslureglum um niðurstöður og framfylgdaraðgerðir var breytt svo þær innihéldu lýsingu á niðurstöðunum sem áður var að finna í lið-OR og til að samræma við breytingar sem gerðar voru á AR.GEN.300 og AR.GEN.305 sem tengjast samstarfsumsjón. Ennfremur voru allar tilvísanir í viðurlög fjarlægðar, þar sem þau heyra undir viðeigandi landsreglur sem útfæra 68. gr. grunnreglugerðarinnar. Að lokum var útfærslutímabilið fyrir leiðréttandi aðgerðir endurskilgreint svo það væri í samræmi við núgildandi kröfur í reglunum um áframhaldandi lofthæfi.
56. Hafandi í huga að stór hluti útfærslureglanna sem lagðar eru fram með AR.GEN hluta III byggist á núgildandi kröfum, og þegar tekið er tillit til skyldna aðildarríkja samkvæmt ICAO þess efnis að útfæra skilvirkt umsjónarkerfi sem hluta af opinberri öryggisáætlun sinni, takmarkast verkefnin sem eru að sönnu ný eða eru ekki hluti af þeim sem eiga rætur að rekja til skyldnanna samkvæmt Chicago sáttmálanum, við skyldurnar þess efnis að:
  - a. tilkynna einstaklingum og stofnunum sem heyra undir umsjónarsamning milli lögbærra stjórnvalda (AR.GEN.300(e));
  - b. samþykkja ferli stofnunar sem tengjast breytingum er krefjast ekki fyrirbyggjandi samþykkis (AR.GEN.310(c));
  - c. tilkynna lögbæra stjórnvaldinu sem gaf út vottorðið hafi reglugerðarbrots við viðeigandi kröfur orðið vart af stofnun sem vottuð er af lögbæru stjórnvaldi annars aðildarríkis eða stofnuninni, sem og að gefa vísbendingu um stig niðurstöðunnar (AR.GEN.350(e)); og
  - d. tilkynna lögbæra stjórnvaldinu sem gaf út skirteinið, vottorðið, áritunina eða vottunina hafi reglugerðarbrots við viðeigandi kröfur orðið vart af einstaklingi sem vottaður er af lögbæru stjórnvaldi annars aðildarríkis (AR.GEN.355(e)).

Gera má ráð fyrir því að stjórnvöld geti treyst á fyrirbyggjandi aðföng, umsjónar- og vottunarferla, sem og samskiptaleiðir til að framkvæma þessi viðbótarverkefni.

**Liður-AR undirliður FCL**

57. Undirliður AR.FCL skilgreinir sértækar kröfur fyrir stjórnvöld sem tengjast veitingu skírteina til flugáhafna. Hann inniheldur 3 hluta:

- Hluti I Almennt
- Hluti II Skírteini, áritanir og vottorð
- Hluti III Próf í fræðilegri þekkingu.

*Hluti I* í þessum undirlið kveður á um almennu kröfurnar og felur í sér ákvæði fyrir þau gögn sem tengjast veitingu skírteina og lögbærum stjórnvöldum ber að halda utan um.

*Hluti II* kveður á um viðbótarákvæði fyrir skírteini, áritanir og vottorð. Hann inniheldur kröfur sem taka til ferlanna fyrir útgáfu, endurfullgildingu og endurnýjun skírteinis, eftirlit með prófdómara, sértækar upplýsingar fyrir prófdómara, gildistíma skírteina, ferlið fyrir endurútgáfu skírteinis og ákvæðin fyrir takmörkun, sviptingu eða afturköllun skírteinis, áritunar eða vottorðs.

*Hluti III* inniheldur ákvæði fyrir ferli vegna prófa í fræðilegri þekkingu.

58. AR.FCL byggist aðallega á núverandi kröfum fyrir stjórnvöld sem tengjast þjálfunarstöðvum og veitingu skírteina til flugáhafna sem er að finna í JAR-FCL. Á grundvelli athugasemdana sem bárust og frekari viðræðna við aðildarríkin var markverðasta breytingin gerð á kerfinu fyrir eftirlit með prófdómurum.

59. Aðeins voru gerðar nokkrar verulegar breytingar á þessum undirlið. Kröfunni sem tekur til ferlanna fyrir útgáfu og endurfullgildingar skírteinis (AR.FCL.200) var breytt í því skyni að taka á áritun skírteina af prófdómurum. Þetta endurspeglar betur þær breytingar sem þegar er tekið á í lið-FCL og mun gera lögbærum stjórnvöldum betur kleift að samþykkja ákveðna prófdómara fyrir þetta verkefni.

Meirihluti þeirra athugasemda og viðbragða sem bárust lögðu áherslu á AR.FCL.205 (í hluta II) sem fæst við eftirlit með prófdómurum. Í CRD kynnti stofnunin lista yfir prófdómara sem stjórnvöld skyldu staðfesta, til að veita stjórnvöldunum stuðning við umsjón. Hafandi í huga viðbrögðin sem bárust og viðræðurnar við aðildarríkin, bætti stofnunin við skyldu fyrir stjórnvöld þess efnis að innifela einnig prófdómara sem vottaðir væru af öðru aðildarríki en neyttu sérréttinda sinna á landssvæði þeirra. Til viðbótar þessu innifaldi stofnunin ákvæði (sem þegar er að finna í JAR-FCL) sem krefst þess að stjórnvöld þróa ferli til tilnefningar prófdómara fyrir tiltekin hæfnipróf.

60. Mikilvægt er að undirstrika það að það verkefni að staðfesta og gefa út lista yfir prófdómara sem og þörfin á að skipuleggja kynningar fyrir prófdómara sem vottaðir eru í öðrum aðildarríkjum og stjórnsýslan sem tengist þessu mun þýða aukna vinnu fyrir lögbæru stjórnvöldin.

Ákvæðið um að veita prófdómurum öryggisviðmiðanir sem virða á í hæfniprófum og hæfniathugunum var endurorðað til að skýra að það næði einnig til prófdómara sem vottaðir væru í öðru aðildarríki. Reglusetningarverkefni í framtíðinni mun taka á þessu máli aftur þar sem ákveðin atriði þessara öryggisviðmiðana munu verða hluti af prófdómarahandbókinni, sem útkoma þessa reglusetningarverkefnis.

61. Meginatriðið sem vakið var máls á og tengdist kröfunum í hluta III var þörfin á sameiginlegum evrópskum miðlægum spurningabanka, sem hefði að geyma spurningatöflu og tímalengd prófs fyrir tiltekin viðfangsefni. AR.FCL.300 var lítillaga breytt til að taka á nokkrum ritstjórnarlegum mistökum og til að skýra spurningarnar sem tengdust evrópska miðlega spurningabankanum.

62. Á grundvelli þeirra viðbragða sem bárust, var hið staðlaða skírteinissnið, EASA eyðublað 141, sem er nú í viðbæti I við lið-AR, einnig endurskoðað og fjölmargar breytingar frá við



skírteinissniðinu í JAR-FCL voru kynntar við umsagnaleitunina. Sumar meginbreytinganna eru:

- einsleitt snið við önnur evrópsk skírteini;
- stigi og gildisdagsetningu fyrir áritun vegna tungumálakunnáttu bætt við;
- meira rými fyrir endurfullgildingu áritunar vegna tungumálakunnáttu ;
- rými fyrir sértækar athugasemdir vegna LAPL skírteinisins (ekki í samræmi við ICAO);
- viðbótardálk fyrir dagsetningu blindflugaráritunarpróf var bætt við; og
- viðbótarlínu IVa fyrir fæðingardag (verður í samræmi við ICAO grein 5.1.1.2)

Reglusetningarverkefni verður ýtt úr vör á síðari stigum til að þróa lista yfir staðlaðar skammstafanir (t.d. áritanir, loftfarsflokkar) og mögulega samsetningu þeirra. Listann ætti að nota fyrir færslur í skírteinið og til leiðsagnar fyrir lögbær stjórnvöld og prófdómara um hvernig útgáfu/endurfullgildingu/endurnýjun áritana í skírteininu skal háttáð.

**Liður-AR undirliður CC**

63. Þessi undirliður er viðbót við kröfurnar í undirlið GEN með tilliti til vottunar öryggis- og þjónustuliða og handhafa þeirra. Hann útlístar nánar nokkrar kröfur til að taka á sérhæfni vottunar öryggis- og þjónustuliða, eins og gert er ráð fyrir í grein 8(4) og grein 8(5)(e) í grunnreglugerðinni. Í honum eru:
- Hluti I Vottanir öryggis- og þjónustuliða
  - Hluti II Stofnanir sem veita þjálfun fyrir öryggis- og þjónustuliða eða gefa út vottanir öryggis- og þjónustuliða.
64. *Hluti I* beinir sjónum að þeim þáttum sem tengjast sjálfri öryggis- og þjónustuliðavottuninni á beinan hátt, eins og valkostunum tveimur sem bjóðast aðildarríkjum til útgáfu hennar, staðlaða EASA sniðinu sem á að nota og þeim aðstæðum þar sem þess gæti verið krafist að lögbær stjórnvöld gripu til ráðstafana í framfylgdarverkefnum sínum eins og við á fyrir einstaklinga.
- Hluti II* tekur á tilvikum stofnana sem geta verið samþykktar af lögbæra stjórnvaldinu, háð ákveðnum almennum skilyrðum, til að veita þjálfun öryggis- og þjónustuliða og/eða til að gefa út vottanir öryggis- og þjónustuliða. Bent skal á að, ólíkt þjálfunarstöðvum fyrir flugáhafnir, veitir grunnreglugerðin stofnuninni ekki skýran lagalegan grunn til að tilgreina sértækar viðmiðanir sem eiga við um þjálfunarstöðvar fyrir öryggis- og þjónustuliða. Þetta er ástæðan fyrir því að viðeigandi landskröfur eiga áfram við þar til þróa má slíkar viðmiðanir á ESB stigi.
65. Vottun öryggis- og þjónustuliða er frábrugðin vottun öryggisþjálfunar sem nú er krafist af EU-OPS. Eins og EU-OPS, verður hver einasti öryggis- og þjónustuliði sem starfar í flutningaflugi í viðskiptalegum tilgangi að vera handhafi hennar. Hins vegar, ólíkt EU-OPS vottuninni, verður að viðhalda henni, og til eru þær aðstæður sem geta krafist þess að breyting, takmörkun, svipting eða afturköllun hennar fari fram. Kröfurnar sem beint er að handhöfunum hafa verið tilgreindar í aðskildum lið-CC.
66. ICAO viðauki 1 og viðauki 6 krefjast þess ekki að öryggis- og þjónustuliðar hafi vottun, vottorð eða skirteini. Hins vegar hafa allnokkur ICAO aðildarríki þróað slíkt kerfi. Til dæmis hafa fjölmörg ESB aðildarríki á að skipa kröfum fyrir skirteini eða vottun á landsvisu fyrir öryggis- og þjónustuliða sem eru viðbót við lágmarkskröfur EU-OPS; FAA gefur út vottorð um sannaða færni til flugþjóna í Bandaríkjunum sem starfa í flutningaflugi í viðskiptalegum tilgangi; yfirvöld almenningsflugs í Suður-Afríku (e. South African Civil Aviation Authority, SACAA) krefjast og gefa út öryggis- og þjónustuliðaskirteini.
67. Meginatriðin sem vakið var máls á í viðbrögðum sem bárust við CRD, og svörum stofnunarinnar þar að lútandi, eru eftirfarandi:
- *Krafan um að gefa út vottun öryggis- og þjónustuliða á hinu nýja EASA sniði:* 18 mánaða aðlögunartímabilið sem upphaflega var lagt til er framlengt í 60 mánuði, í samræmi við flugmannsskirteini sem uppfylla JAR og gefin eru út af aðildarríki fyrir 8. apríl 2012 (sbr. álitid "Útfærslureglur fyrir hæfni öryggis- og þjónustuliða í flugi í viðskiptalegum tilgangi" – forsiðureglugerð, grein 9b).
  - *Samþykki stofnana til að gefa út vottanir öryggis- og þjónustuliða fyrir hönd lögbæra stjórnvaldsins:* sé slíkt ákveðið af aðildarríki má stofnun gefa út vottanir öryggis- og þjónustuliða með samþykki sem veitir sérréttindi til útgáfu slíkra vottana.
  - *Krafan um að ljúka sértækri þjálfun fyrir loftfarstegund áður en gefa má öryggis- og þjónustuliðavottunina út:* þessi krafa hefur verið fjarlægð. Hins vegar er gild loftfarstegundarhæfni áfram í lið-CC sem skilyrði fyrir notkun handhafans á vottuninni.

- Skortur á sameiginlegum viðmiðunum eða stöðlum á ESB stigi fyrir samþykki þjálfunarstöðva fyrir öryggis- og þjónustuliða, fyrir hæfni kennara og prófdómara sem og fyrir þjálfunarbúnað: stofnunin leggur til, að tilteknum sameiginlegum skilningi og samþykki á lagalegum grundvelli af löggjafanum, að taka á þessum málefnum með reglusetningarverkefni í framtíðinni.

## Liður-AR undirliður ATO

68. Undirliður AR.ATO skilgreinir sértækar stjórnvaldskröfur sem tengjast samþykktum þjálfunarstöðvum fyrir veitingu skírteina flugáhafna. Hann inniheldur einn hluta:

- Hluti I Almennt

Undirliður AR.ATO kveður á um kröfur sem eru viðbót við almennu kröfurnar, eins og þær sem tengjast umsjónaráætlun fyrir ATOs og kerfinu fyrir skráningu gagna er tengjast ATO. AR.ATO byggist aðallega á núverandi kröfum fyrir stjórnvöld sem tengjast þjálfunarstöðvum og veitingu skírteina til flugáhafna sem er að finna í JAR-FCL. Til að bregðast við viðbrögðum frá sumum hagsmunaaðilanna, vill stofnunin undirstrika að samkvæmt tillögðum reglum er ATOs, þar sem þær teljast vera rekstraraðilar í skilningi greinar 3(h) í grunnreglugerðinni, ekki gert að hafa AOC.

69. Aðeins fáeinar verulegar breytingar voru gerðar. Í AR.ATO.105 var meginatriðið sem hagsmunaaðilar vöktu máls á í umsagnaleituninni, það að notkun þjálfunarloftfars með einungis 2 sætum gerði jafnvel ekki ráð fyrir úrtöku þjálfunarfluga. Þetta var tekið til greina og textinn endurorðaður til að skýra þetta atriði.

Ákvæðunum í AR.ATO.120 um skráningu var breytt í því skyni að skýra hugtakasafnið fyrir notkun FSTDs. Bent skal á að stofnunin ákvað, fyrir FSTDs, að setja á laggirnar nýtt reglusetningarverkefni til að samræma allar útfærslureglurnar, CSs og AMCs við 3. útgáfu ICAO skjals 9625.

Í CRD upplýsti stofnunin hagsmunaaðila um að þar sem hinu staðlaða stofnanasamþykkisvottorði EASA yrði ekki viðhaldið, yrði þróað sérstakt ATO samþykkisvottorð. Grundvöllur þessa vottorðs var JAA eyðublað 153 FTO/TRTO samþykkisvottorðið og EASA.147 samþykkisvottorðið, ásamt meðfylgjandi samþykkisáætlun, sem nú kallast "samþykki þjálfunarnámskeiðs".

Til að bregðast við athugasemdum varðandi samþykkisáætlun þjálfunarnámskeiðs, var samþykkið fyrir ATO um að nota FSTDs (kallaðist áður "notandasamþykki") innlimað í samþykkiseyðublað námskeiðs sem fylgir ATO vottorðinu. Þetta samþykki námskeiðs krefst þess að þjálfunarnámskeiðið og samsvarandi FSTDs séu útlustuð.

**Liður-AR undirliður FSTD**

70. Undirliður AR.FSTD skilgreinir sértækar stjórnvaldskröfur sem tengjast hæfni FSTDs. Hann inniheldur einn hluta:

- Hluti I Almenn

AR.FSTD lýsir meginskyldum hins lögbæra stjórnvalds sem samþykkir og vaktar rekstur FSTDs. Hann lýsir þeim matsferlum sem leiða til útgáfu FSTD hæfnivottorðs, þar á meðal upphaflegu og endurteknu matsferlin, samsetningu matsteymisins, mati á fylgnivöktunarkerfi rekstraraðila og útgáfu hæfnivottorðs. Hlutinn nær einnig til ferlanna sem fylgja á komi til breytinga á hæfum FSTD eða þegar rekstraraðilinn getur ekki viðhaldið þeim hæfnistaðli sem krafist er.

AR.FSTD byggist á JAR-FSTD A og H og JIPs fyrir JAR-STD (sem er að finna í JAA stjórnunar- og leiðsagnarefninu, hluta sex: *Hermipjálfunarbúnaður (e. Synthetic Training Devices, STD)*, liður tvö: Ferli). Enginn verulegur munur eða ný verkefni hljóttast fyrir lögbær stjórnvöld samanborið við fyrri reglugerðirnar.

Töflu hefur verið bætt við "Hæfnivottorðið fyrir þjálfun á flughermibúnaði" sem sýnir þjálfunar-, prófunar og skoðunaratriðin sem gera handhafa hæfnivottorðsins kleift að veita hvaða notanda búnaðarins sem er upplýsingar sem samþykktar eru af viðkomandi lögbæru stjórnvaldi.

**Liður AR undirliðir AeMC og MED**

71. AR.MED og AR.AeMC skilgreina hinar sértæku kröfur sem tengjast fluglækningavottun, sem eru viðbót við almennu kröfurnar í lið-AR undirlið GEN. Í AR.AeMC og AR.MED, ásamt OR.AeMC, er að finna stjórnkerfið fyrir vottun AeMCs og fluglækningaprófdómara (e. aero-medical examiners, AMEs), tilkynningu almennra starfandi lækna (e. general medical practitioners, GMPs) og heilbrigðisvottun flugmanna.

AR.AeMC samanstendur einungis af einum hluta - "Almennt".

AR.MED samanstendur af þremur hlutum:

- Hluti I Almennt
- Hluti II Fluglækningaprófdómarar
- Hluti III Heilbrigðisvottun

Undirlið AR.AeMC lýkur með stöðluðu sniði fyrir samþykkisáætlun fluglækningastöðva. AR.MED innleiðir einnig AeMC vottorðið og stöðluðu EASA heilbrigðisvottunina fyrir flugmenn, í þeirri röð.

72. Ekki var vakið máls á neinum verulegum álitamálum hvað varðaði AeMCs. Megináhyggjuefnið í undirlið MED var málsgreinin AR.MED.150 "Skráning": mikill meirihluti lögbærra stjórnvalda aðildarríkja mun halda utan um heilbrigðisskýrslur allra flugmanna sem viðkomandi stjórnvald gaf út skirteini fyrir (skirteinisstjórnvald). Evrópska tilskipunin um gagnavernd er útfærð á mjög ólíkan hátt í aðildarríkjunum og afhending heilbrigðisskýrslanna mun því verða meðhöndluð á ólíkan hátt í Evrópu. Því hefur viðbrögðum sem fara fram á afhendingu heilbrigðisskýrslna til rannsóknarstofnana án afauðkenningar flugmannsins, undir stjórn lögbæra stjórnvaldsins, til rannsóknaraðila (slyss, öryggisgæsla, lögregla) og "við allar aðrar kringumstæður þar sem þess er krafist samkvæmt landslögum" ekki verið bætt við útfærslureglurnar en verða innifalin í AMC. Þetta gefur aðildarríkjum nægilegan sveigjanleika til að beita landslögum um gagnavernd. Hins vegar hefur málsgreininni verið breytt og viðbrögðin innifalin sem tengjast afhendingu heilbrigðisskjala fyrir heilbrigðissskoðun vegna útgáfu heilbrigðisvottorðs (til heilbrigðissskoðunarnefndar, heilbrigðissérfræðinga sem starfa við matið). Þörf er á þessum skýrslum svo hægt sé að taka ákvörðun um læknisfræðilega færni, sem er aðalástæðan fyrir því að lögbær stjórnvöld halda utan um heilbrigðisskýrslurnar.
73. Viðbrögð eins aðildarríkis við fjölmörgum málsgreinum (AR.MED 120, 125, 150, 315 og 325) beindu sjónum að afskiptum lögbærs stjórnvalds/heilbrigðismatsmanns af heilbrigðisvottunarferli einstaks flugmanns, og að þeirri staðreynd að, eftir að fluglækningapróf og -mat hefur farið fram, er AMEs gert að senda heilbrigðissskoðunarskýrslur allra flugmanna í heild sinni til stjórnvaldsins þar sem flugmaðurinn hefur sitt skirteini (skirteinisstjórnvalds). Ástæðan fyrir þessum viðbrögðum er sú afstaða þess aðildarríkis að ekki ætti að senda neinar heilbrigðisskýrslur til lögbæra stjórnvaldsins og heilbrigðismatsmaður þess lögbæra stjórnvalds þar sem flugmaðurinn hefur sitt skirteini (skirteinisstjórnvalds) skuli ekki meta færni, heldur skuli AME eða AeMC einungis gera það. Engar textabreytingar voru gerðar vegna þess að þetta mál hefur verið leyst í lið-MED og þörf er á reglunum fyrir hin aðildarríkin.
74. Viðbætur VI við lið-AR inniheldur snið heilbrigðisvottorðsins fyrir flugmenn og lýsinguna þar að lútandi. Atriði 13 í lýsingunni og svæði X á vottorðssniðinu var breytt þar sem GMP eða heilbrigðismatsmaður getur ekki undirritað heilbrigðisvottunina í öllum aðildarríkjum. Svæðið á blaðsíðu 4 í vottorðinu sem innihélt upplýsingarnar fyrir AME um dagsetningar "nýjustu" og "næstu" prófa (hjartalínurit, heyrnarrit og sjónpróf) var hreinsað samkvæmt beiðni eins aðildarríkis og rýmið notað til að setja MED.A.020 á sinn stað. Fjölmörg aðildarríki fóru þess á leit að "MED.A.020 Minnkun læknisfræðilegrar færni" yrði hafður með á heilbrigðisvottorðinu. Stofnunin er þeirrar skoðunar að

heilbrigðisvottorð eigi að vera sönnun þess að flugmaðurinn hafi undirgengist viðeigandi fluglækningapróf og mat og hafi verið metinn sem fær til að fljúga en ekki að upplýsa flugmanninn um skyldur sínar komi til minnkunar á læknisfræðilegri færni. Þrátt fyrir það var fallist á þessi viðbrögð þar sem ekki er um öryggismál að ræða og þetta virðist vera mikilvægt fyrir fjölmörg aðildarríki.

75. Ekki var fallist á viðbrögð þess efnis að fjarlægja atriði úr AR.MED til AR.GEN og úr OR.AeMC til OR.GEN vegna þess að verið er að hverfa aftur til lóðréttrar reglusamsetningar. Samkvæmt nýju samsetningunni verður í raun nauðsynlegt að færa eða afrita málgreinar úr AR.GEN í AR.MED.

## VII. Greinargerð liður-OR

### Almennt

76. Liður-OR eins og hann er lagður til með þessu álit, samstendur af fjórum undirliðum, sem er svo skipt í hluta, sem innihalda bæði almennar kröfur og kröfur sem eru sértækar fyrir ákveðin svið fyrir mismunandi gerðir stofnana:

- Liður-OR undirliður GEN, almennar kröfur, sem fær viðbót frá:
  - Lið-OR undirlið ATO, sértækar kröfur er lúta að samþykktum þjálfunarstöðvum;
  - Lið-OR undirlið FSTD, sértækar kröfur fyrir stofnanir sem starfrækja FSTDs og fyrir hæfni FSTDs; og
  - Lið-OR undirlið AeMC, sértækar kröfur sem tengjast fluglækningastöðvum.

Undirliður OR.FSTD, sem ekki var innifalin með CRD, innlimar útfærslureglurnar sem áður var að finna í hluta III í undirlið ATO. Þessi breyting á samsetningu tekur á þeirri staðreynd að ekki eru allir rekstraraðilar FSTD samþykktar þjálfunarstöðvar.

Liður-OR undirliður GEN eins og lagt er til með þessu álit inniheldur tvo hluta:


- Hluti I Almennt
- Hluti II Stjórnunarkerfi.

Undirliður GEN í lið-OR skilgreinir kröfur sem algengt er að eigi við um allar stofnanir á sviði áhafna og aðgerða. Þær byggja á meginráðleggingum COrA og ICAO stöðlum sem tengjast SMS. Þær eru viðbót við stjórnvaldskröfurnar um skilyrði til útgáfu, viðhalds, breytingar, takmörkunar, sviptingar og afturköllunar vottana og samþykkja.

77. Sá texti sem lagður er til í álitinu endurspeglar þær breytingar sem gerðar hafa verið á upphaflegri tillögu stofnunarinnar (eins og gefið var út í tilkynningu um fyrirhugaða breytingu nr. 2008-22c), sem og frekari breytingar sem gerðar voru í kjölfar greiningar og mats á viðbrögðum við CRD. Tilkynning um breytingu nr. 2009-02c innihélt stofnanakröfur sem eiga sérstaklega við um rekstur (liður-OR undirliður OPS). Þær verða innifaldar í fyrsta álitinu sem gefið verður út um flugrekstur.


### Samráð

78. Málsgrein 23 í þessari skýringu inniheldur almennar upplýsingar um viðbrögðin sem bárust vegna CRDs við lið-AR og lið-OR. Taflan að neðan sýnir dreifingu hinna 490 viðbragða sem bárust við lið-OR (CRD 2008-22c og 2009-02c), en þriðjungur þeirra var vegna AMCs og GMs og afgangurinn vegna útfærslureglanna.



**Graf 3: Viðbrögð við lið-OR - dreifing**

79. Uppruna viðbragðanna er að finna hér að neðan. Hafandi í huga að viðbrögð sem eiga uppruna sinn hjá fulltrúasamtökum iðnaðarins eru vanalega send í nafni einstakra meðlima þeirra, það má því gera ráð fyrir að hnatræn hlutdeild iðnaðarins sé of lág í þessu grafi.



**Graf 4: Viðbrögð við lið-OR - uppruni**

Í eftirfarandi málsgreinum er fjallað er um þau meginmál sem vakið var máls á í viðbrögðunum við CRD.



## Umfang og nothæfni

80. Liður-OR eins og hann er lagður til með þessu álit á við samþykki og viðvarandi umsjón ATOs og AeMCs, við hæfni FSTDs og áframhaldandi fylgni við kröfur sem eiga við um vottaðar stofnanir og handhafa FSTD hæfnivottorða. Undirliður GEN í lið-OR skilgreinir almennt viðeigandi kröfur fyrir allar vottaðar stofnanir og handhafa FSTD vottorða<sup>28</sup> á sviði leyfisveitingar flugáhafna og rekstrar. Þær eru viðbót við ákvæði liðs-AR um útgáfu, viðhald, breytingu, takmörkun, sviptingu og afturköllun vottana og samþykkja. Liður-OR skilgreinir einnig sameiginlegar kröfur stjórnunarkerfis sem fela í sér fylgnivöktun og öryggisstjórnun.

## Forsíðureglugerð - atriði sem eiga við lið-OR

81. Forsíðureglugerðin hefur að geyma tillögu um aðlögunarákvæði og úrsagnir, svo að sérstakt tillit sé tekið til hinna nýju ákvæða varðandi stjórnunarkerfi lögbundinna stofnana, eins og kveðið er á um í OR.GEN.200. Þessi ákvæði útfæra meginreglur öryggisstjórnunar sem haldið er við af ICAO, sem veita þeim stöðu nýrra krafna, þrátt fyrir að kröfur sem nú gilda í EASA aðildarríkjum útfæri nú þegar sum þessara ákvæða. Einkum hafa gæðastjórnunarkerfi (e. quality management systems, QMS) og gæðatrygging (e. quality assurance, QA) þegar verið útfærð í mörg ár af rekstraraðilum sem heyra undir EU-OPS og þjálfunarstöðvum sem samþykktar eru í samræmi við ákvæði JAR-FCL. Til dæmis sinna rekstraraðilar í flutningaflugi í viðskiptalegum tilgangi (e. commercial air transport, CAT), í beitingu EU-OPS 1.037, nú þegar margs konar starfsemi sem er nauðsynleg fyrir öryggisstjórnun.
82. Að teknu tilliti til þessa, lítur stofnunin til þess að stofnanir sem uppfylla EU-OPS, JAR-OPS 3, JAR-FCL eða JAR-STD ættu að hafa ávinning af áframhaldandi gildi stofnanavottorða sinna eftir dagsetningu nothæfni hinnar nýju reglugerðar ("starfsleyfi til starfandi stofnana"), þar sem þessar stofnanir ættu að geta útfært þær kröfur stjórnunarkerfisins sem eftir eru án þess að verulegri byrði sé bætt á þær. Þess ber að geta að fylgni við þessi undirstöðuatriði mun samt sem áður krefjast þess að viðkomandi skyldur, hlutverk og ferli séu til staðar um leið og hinar nýju reglur verða nothæfar. Hins vegar er einungis hægt að sýna fram á skilvirkni allra ferla eftir ákveðinn tíma, þegar nægilegum gögnum hefur verið safnað svo að framkvæma megi skilvirka öryggisáætlustjórnun.
83. Í tilkynningu um fyrirhugaða breytingu nr. 2008-22, var SMS innleiðingaráætlun kynnt. Hún er dregin til baka í lokaútgáfu tillagðrar reglu, þar sem hún taldist ekki vera varanlegt ákvæði. Lagt er til að innleiða megi SMS á tveggja ára tímabili. Ekki voru gerðar athugasemdir við þessa tillögu í samráðsferlinu. Stofnunin ályktar því að litið hafi verið svo á að þessi tímarammi væri nægilegur og leggur til að tveggja ára tímabil sé veitt til að ljúka mögulegum 2. stigs niðurstöðum sem tilkomnar eru vegna misræmis við nýju ákvæðin. Svo áhyggjur þær sem sum aðildarríkjanna létu í ljós séu hafðar í huga, fjarlægði stofnunin tillöguna sem lögð var fram í grein 7 í forsíðureglugerðinni í lið-OR sem gefin var út með CRD, sem var þess efnis að samþykkja ætti innleiðingaráætlun fyrir stjórnunarkerfi á milli stofnunar og lögbærs stjórnvalds. Gera má ráð fyrir því að kynning á SMS innleiðingu af aðildarríkjum sé hluti af innleiðingu opinberra öryggisáætlana þeirra.
84. Tryggja verður fylgni við regluna þegar hún verður nothæf. Hins vegar ætti að gefa innleiðingu kerfis tíma, sem ætlað er að vakta fylgni og skjalfesta viðeigandi ferli, þar á meðal til skipunar á nauðsynlegu starfsfólki. Því ætti að gefa stofnunum sem ekki geta haft ávinning af því að nota fyrirliggjandi QMS, einkum ef þeim er gert að gangast undir vottunarskyldu í fyrsta sinn, nægilegan tíma til að innleiða nýjar kröfur stjórnunarkerfisins. Stofnunin leggur því til að aðildarríki geti kosið að fresta nothæfi fyrir þær stofnanir sem áður nothæfar JARs ná ekki yfir. Því má fresta beitingu reglunnar um

<sup>28</sup> Handhafa FSTD hæfnivottorðs verða að innleiða stjórnunarkerfi í samræmi við lið-OR, til að viðhalda gildi eins eða fleiri FSTD hæfnivottorða sinna.

þjálfunarstöðvar sem ekki heyra undir vottunarskyldur í samræmi við JAR-FCL ("skráð aðstaða") til allt að þriggja ára.

85. Að lokum leggur stofnunin til almennt 6 mánaða úrsagnartímabil fyrir ATOs og AeMCs sem uppfylla JAR, til að taka tillit til áhrifa þeirrar ákvörðunar um að breyta reglusamsetningunni. Þessi breyting á reglusamsetningunni mun leiða til breytinga á einstökum reglutilvísunum, sem og ákveðinnar aðlögunar að regluinnihaldi vegna dreifingar liðs-AR og liðs-OR í hverja tæknilega reglugerð.
86. Aðlögunarráðstafanirnar sem lagðar eru til í grein 10 eru teknar saman í töflunni að neðan:

Grein	Inntak	Lýsing
10(2)(a)	Samþykktar þjálfunarstöðvar og fluglækningastöðvar sem uppfylla JAR	Aðildarríki geta kosið að beita ekki ákvæðum liðs-AR og liðs-OR þar til eigi síðar en <b>8. október 2013</b>
10(2)(b)	þjálfunarstöðvar sem aðeins veita þjálfun fyrir flugmannsskírteini fyrir létt loftför, einkaflugmannsskírteini, flugmannsskírteini fyrir loftbelgi eða skírteini fyrir svifflugur	Aðildarríki geta kosið að beita ekki ákvæðum liðs-AR og liðs-OR þar til eigi síðar en <b>8. apríl 2015</b>
10(2)(c)	þjálfunarstöðvar sem veita þjálfun fyrir flugprófsáritanir í samræmi við FCL.820	Aðildarríki geta kosið að beita ekki ákvæðum liðs-AR og liðs-OR þar til eigi síðar en <b>8. apríl 2015</b> (til samræmis við lið-FCL)
10(2)(d)	handhafar FSTD vottorða, sem ekki eru samþykktar þjálfunarstöðvar	Aðildarríki geta kosið að beita ekki ákvæðum OR.GEN.200 (a)(3) þar til eigi síðar en <b>8. apríl 2015</b>

**Tafla 3: Yfirlit yfir tillagðar úrsagnir**

### Skilgreiningar sem eiga við lið-OR

87. Skilgreining "höfuðstöðva" til úrskurðar á lögbæru stjórnvaldi er nú í samræmi við skilgreininguna í reglugerð (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur fyrir rekstur flugþjónustu í bandalaginu (lagfæring)<sup>29</sup>, sem er einnig sú sem tekin var upp fyrir reglugerð (EB) nr. 2042/2003 með breytingum reglugerðar (EB) nr. 127/2010<sup>30</sup>. Þetta skírskotar til þeirrar staðreyndar að samþykktir flugrekendur verða að vera samþykktir í samræmi við undirlið G í viðauka I við reglugerð (EB) nr. 2042/2003 "lið-M" sem hluti af AOC þeirra. Skilgreiningin gerir ráð fyrir því að meginfjármálastarfsemi og rekstrarstjórnun stofnunar sé staðsett í sama aðildarríkinu. Þrátt fyrir að stofnunin taki til greina ávinninginn af því að taka upp sameiginlegar skilgreiningar fyrir mismundandi

<sup>29</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um sameiginlegar reglur fyrir rekstur flugþjónustu í bandalaginu (lagfæring) (texti sem varðar EES) *Stjórnartíðindi Evrópu L 293, 31.10.2008, bls. 3–20.*

<sup>30</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 127/2010 frá 5. febrúar 2010 sem breytir reglugerð (EB) nr. 2042/2003 um viðvarandi lofthæfi loftfara og tengdra framleiðsluvara, ihluta og búnaðar til flugs og um samþykki á stofnunum og starfsfólki á þessu sviði (texti sem varðar EES) (*Stjórnartíðindi Evrópu L 40, 13.2.2010, bls. 4–50.*)

reglugerðir, er hún þeirrar skoðunar að skilgreiningin sem tekin er yfir úr reglugerð (EB) nr. 1008/2008 muni leiða af sér útfærsluvandamál. Því mælir hún með endurskoðun þessarar skilgreiningar fyrir allar EASA reglugerðir sem um ræðir, þar á meðal reglugerðina um lofthæfi. Þessi endurskoðun ætti að líta á staðsetningu tæknistjórnunar stofnunarinnar með tilliti til starfseminnar sem samþykkt er samkvæmt grunnreglugerðinni og útfærslureglum hennar, sem meginviðmiðun til að skera úr um höfuðstöðvar stofnunar, með það að augnmiði að skera úr um lögbært stjórnvald.

### **Liður-OR undirliður GEN hluti I - Almenn**

88. Útfærslureglurnar í hluta I innihalda almennar kröfur fyrir stofnanir, bæði á sviði rekstrar og leyfisveitingar flugáhafna, einkum í tengslum við frumvottun og umsjón. Þær mynda hliðstæðu við samsvarandi stjórnvaldskröfur í lið-AR undirlið GEN hlutum I og III. Þær byggjast á háttsettu kröfunum sem tilgreindar eru í grunnreglugerðinni. Til samræmis við breytingar sem gerðar voru á AR.GEN, var tveimur nýjum reglumálgreinum bætt við til að innleiða stofnanakröfur í tengslum við þær aðgerðir sem grípa á til, til að bregðast tafarlaust við öryggisvandamáli (OR.GEN.155), sem og í tengslum við atvikatilkynningu (OR.GEN.160). Hinn nýi OR.GEN.155 innleiðir kröfurnar sem stofnanir eiga að uppfylla með tilskipunum um lofthæfi og öryggi sem gefnar voru út af stofnuninni, hin síðarnefnda á rætur að rekja til reglusetningarverkefnis 21.039 "Rekstrarhæfigögn".

Tilv. liður-OR	Titill	Samsvarandi AR
OR.GEN.105	Lögbært stjórnvald	Á ekki við
OR.GEN.115	Umsókn um stofnanavottorð	AR.GEN.310(a)
OR.GEN.120	Leiðir til að fullnægja skilyrðum	AR.GEN.120
OR.GEN.125	Skilmálar samþykkis og sérréttindi stofnunar	AR.GEN.310(b)
OR.GEN.130	Breytingar á stofnunum	AR.GEN.330
OR.GEN.135	Áframhaldandi gildi	AR.GEN.310(b)
OR.GEN.140	Aðgangur	Forsíðureglugerð Grein 4(5)
OR.GEN.150	Niðurstöður	AR.GEN.350
OR.GEN.155	Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli	AR.GEN.135
OR.GEN.160	Atvikatilkynning	AR.GEN.135

**Tafla 4: Samvörðun milli AR.GEN og OR.GEN**

89. OR.GEN.115 skilgreinir beitingarferlið fyrir stofnanavottorð. Séu athugasemdir frá hagsmunaaðilum við tilkynningu um fyrirhugaða breytingu hafðar í huga, var tillögunni um einstakt stofnanavottorð sem lögð var fram með tilkynningu um fyrirhugaða breytingu nr. 2008-22c ekki viðhaldið, og því er ekkert staðlað umsóknareyðublað lagt fram með lið-OR. Hvað varðar síðara atriðið, lýstu aðildarríki áhyggjum af áhrifum þess að setja á staðlað umsóknareyðublað fyrir mismunandi stjórnsýslukerfi sem þegar eru við lýði samkvæmt núgildandi reglum. Hvað varðar hugtakið um "stakt vottorð", telur stofnunin að hægt sé að ná meginmarkmiðum þess án þess að setja á útgáfu staks stofnanavottorðs: vottorðið, sem er einungis "vottun" vottunarferlisins, getur verið á formi eins staks skjals eða mismunandi skjala. Meginatriðið er að tryggja að lögbær stjórnvöld geti framkvæmt umsjón á sem skilvirkastan hátt fyrir stofnanir sem hafa mörg samþykki<sup>31</sup>. Í því tilliti eru sameiginlegar kröfur stjórnunarkerfis sem eiga við um allar gerðir stofnana bráðnauðsynlegar.
90. OR.GEN.120 skilgreinir ferlið fyrir samþykki á öðrum leiðum til að fullnægja skilyrðum, sem á við um stofnanir sem hafa vottorð samkvæmt lið-OR, þar á meðal samþykktar stofnanir og handhafar FSTD hæfnivottorða. Áhyggjum var lýst í samráðsferlinu varðandi aðrar leiðir til að fullnægja skilyrðum sem notaðar eru af stofnunum sem heyra undir tilkynningaskyldu einvörðungu. Stofnunin vill geta þess að það er enginn lagalegur grunnur fyrir hendi í grunnreglugerðinni fyrir því að leggja á slíkar stofnanir að fylgja sama samþykkisferlinu fyrir aðrar leiðir til að fullnægja skilyrðum hvað varðar vottaðar stofnanir. Samþykki annarra leiða til að fullnægja skilyrðum getur aðeins verið fyrir hendi þegar það fylgir vottorði eða samþykki, en þá teljast slíkar leiðir til að fullnægja skilyrðum vera hluti af grundvellingnum fyrir því að veita samþykkið. Hins vegar, fyrir stofnanir sem heyra undir tilkynningaskyldu, á samþykkisferlið ekki við um aðrar leiðir til að fullnægja skilyrðum við AMC sem tengist á beinan hátt nokkru sértæku samþykki sem slíkar stofnanir gætu haft samkvæmt lið-SPA. Hvað varðar möguleikann fyrir fagstofnanir eða aðila sem eru fulltrúar hagsmunaaðila sem ekki hafa stofnanavottorð samkvæmt grunnreglugerðinni og útfærslureglum hennar til að nota aðrar leiðir til að fullnægja skilyrðum, er engin þörf fyrir slíkar stofnanir á því að biðja um samþykki á slíkum öðrum

<sup>31</sup> Viðmiðanir fyrir "viðurkenningu" endurskoðunaratriða fyrir umsjón stofnana sem hafa fleiri en eitt samþykki verða veittar með AMCs við AR.GEN.305.

leiðum, svo lengi sem þær heyra ekki undir neina fylgniskyldu samkvæmt grunnreglugerðinni og útfærslureglum hennar.

Til að bregðast við viðbrögðum frá hagsmunaaðilum innan iðnaðarins, mun stofnunin hefja viðbótarreglugerðarverkefni til að þróa aðferðir sem nota má til að sýna fram á að öryggismarkmiði útfærslureglunnar sé náð þegar sótt um er um samþykki á öðrum leiðum til að fullnægja skilyrðum.

91. Í OR.GEN.130 "Breytingar á stofnunum sem heyra undir vottun" er það tilgreint nánar hvaða breytingar það eru sem krefjast fyrirliggjandi samþykkis í tengslum við stjórnunarkerfi þeirrar stofnunar, í því skyni að létta byrðar á stofnanir og stjórnvöld: hvað varðar stjórnunarkerfi, eru breytingar sem krefjast fyrirliggjandi samþykkis nú skilgreindar sérstaklega sem þær sem hafa áhrif á ábyrgðarsvið og ábyrgðarskyldu og/eða öryggisstefnu. Tillaga stofnunarinnar fyrir OR.GEN.130, ásamt samsvarandi AR ákvæðum, veitir sveigjanleika, en er á sama tíma ekki efnislega frábrugðin hugtökum "óbeins samþykkis" eða "breytinga sem eru lögbæru stjórnvaldi þóknanlegar": við frumvottun, getur viðkomandi stofnun verið sammála sínu lögbæra stjórnvaldi hvað varðar umfang breytinga sem ekki krefjast fyrirliggjandi samþykkis, innan þeirra takmarkana OR.GEN.130 setur. Eftir því sem stofnun "þroskast", má útvíkka umfang slíkra breytinga, að því gefnu að þær haldist innan þeirra takmarkana sem sett eru á útfærslureglustigi.
92. Fjöldmörg lögbær stjórnvöld aðildarríkja gerðu athugasemdir við hugtakið um ótakmarkað gildi vottorða, og lýstu áhyggjum af mögulegum skorti á áhrifaríkri stjórn á vottorðum sem ekki renna út. Stofnunin vill geta þess að ótakmarkað gildi vottorða er nú viðurkennt víða á sviði lofthæfis. Viðvarandi gildi stofnanavottorða heyrir undir viðvarandi umsjón lögbæra stjórnvaldsins. Tillaga stofnunarinnar stuðlar að stöðugu vöktunarferli með endurskoðunum, skoðunum og athugunum með millibili sem ákvarðað er á grundvelli fyrri niðurstaðna umsjónar og tekur áhættuþætti með í reikninginn. Þar sem um er að ræða vottorð með takmörkuðu gildi, má vera að lögbær stjórnvöld hafi tilhneingingu til að fresta endurskoðunum og athugunum þar til stuttu áður en vottorðið rennur út. Liður-AR veitir nauðsynleg undirstöðuatriði þar sem lögbær stjórnvöld geta gripið til aðgerða vegna vottorðs hvenær sem er, ef þess gerist þörf, komi til niðurstaðna sem stefna öryggi alvarlega í hættu. Ennfremur geta aðildarríki gripið til framfylgdaraðgerða með því að beita viðurlögum, eins og kveðið er á um í landslögum þeirra sem útfæra grein 68 í grunnreglugerðinni.
93. Ný útfærsluregla OR.GEN.160 "Atvikatilkynning" er innifalin í því skyni að skilgreina tilkynningakröfur, þar á meðal tilkynningu til þeirrar stofnunar sem ber ábyrgð á hönnun loftfarsins, fyrir allar stofnanir sem heyra undir lið-OR. Textinn byggist á núverandi kröfum í lofthæfireglunum. Atvikin sem skal tilkynna um eru þau sem stofna sannarlega öruggri starfrækslu loftfarsins í hættu, gagnstætt flugöryggishættum sem heyra undir eftirlit samkvæmt innri atvikatilkynningaráætlun, sem OR.GEN.200(a)(3) nær yfir. Svo að tekið sé tillit til CRD viðbragða, hafa kröfurnar verið endurskoðaðar: frumtilkynningar, sem leggja á fram innan 72 stunda eftir að viðkomandi stofnun hefur borið kennsl á atvikið, þurfa ekki að innihalda ítarlega lýsingu á þeim aðgerðum sem viðkomandi stofnun ætlar að grípa til í því skyni að koma í veg fyrir að það endurtaki sig, þar sem það getur tekið lengri tíma að skera úr um slíkt.

**Liður-OR undirliður GEN hluti II - Stjórnunarkerfi**

94. Stofnunin leggur til að sérstakur hluti almennu stofnanakrafanna fjalli sérstaklega um þær sem tengjast stjórnunarkerfum stofnana. Þessar kröfur eiga rætur sínar aðallega að rekja til þeirra sem þegar er að finna í viðeigandi stöðlum, eins og JARs. Þær ná yfir þörfina á því að hæft starfsfólk, og þá sérstaklega tilteknir einstaklingar, séu í forsvari þess að tryggja að viðkomandi stofnun uppfylli viðeigandi kröfur. Núverandi kröfur ná einnig yfir þörfina á því að viðunandi aðstaða sé fyrir hendi svo að framkvæma megi þau verkefni sem krafist er og þörfina á því að halda skrá yfir allar aðgerðir sem framkvæmdar eru samkvæmt viðeigandi reglum.
95. Þessi sértæki hluti er einnig rétti staðurinn til að útfæra ICAO staðlana fyrir öryggisstjórnunarkerfi (e. safety management systems, SMS)<sup>32</sup>. Stofnunin er þeirrar skoðunar að ekki ætti að útfæra þá með viðbótarkröfu stjórnunarkerfis sem lögð er ofan á núverandi reglur, hvort sem þeir tengjast fjárhag, gæðum eða öðrum hugðarefnum framkvæmdastjóra stofnunar. Væri öryggisstjórnunarkerfi komið á sem væri aðgreint frá öðrum væri hægt að líta á það sem eingöngu aðra fyrirskipandi kröfu til viðbótar, og hætta væri á því að stofnanir myndu leitast eftir að fullnægja lögbæru stjórnvaldi sínu með því að sýna fram á að þær hefðu bætt við öllum fyrirskipandi atriðunum innan stofnunar sinnar. Þetta myndi ekki styðja innleiðingu reglna sem byggja á árangri, eins og haldið er við af ICAO til að auðvelda útfærslu á SMS meginreglum.
96. Þess í stað leggur stofnunin það til að útlista undirstöðuatriðin sem stofnanirnar þurfa að taka á. Því byggjast tillagðar kröfur á þeirri hugmynd að öryggi, sem og fylgni við reglur, ætti að vera öllu starfsfólki hugðarefni og í allri starfsemi stofnunarinnar. Því eru kröfurnar settar fram á þann hátt sem gerir viðkomandi stofnun kleift að beita þeim á þann hátt sem hún kys og getur þannig tekið eigið viðskiptalíkan með í reikninginn. Einkum myndu kröfurnar leyfa útfærslu samþætts stjórnunarkerfis þar sem öryggi er kennistærð sem taka þarf með í reikninginn í hverri einustu ákvörðun, frekar en hliðstaða stjórnunarkerfa. Samþætt stjórnun gerir framkvæmdastjórum kleift að taka með í reikninginn öll mikilvæg áhrif á stofnun sína, eins og skipulagslega viðskiptastefnu þeirra, viðeigandi löggjafir og staðla, innri stefnur og menningu, áhættur og hættur, aðfangakröfur og þarfir þeirra sem geta orðið fyrir áhrifum frá einhverjum þáttum reksturs viðkomandi stofnunar.
97. Hvað varðar gæðakerfi leggur stofnunin til að varðveita það sem löggjafinn hefur raunverulegan áhuga á þegar stofnun er krafin um að útfæra gæðakerfi: fylgni við reglurnar. Vissulega má nota gæðakerfi til að fullnægja mismunandi kröfum. Stofnunin álitur að nauðsynlegt sé að einfaldlega krefjast fylgnivöktunar sem hluta af kröfum stjórnunarkerfisins. Tillagðar kröfur bjóða því upp á möguleikann á að útfæra ICAO SMS staðlana, án þess að skylda stofnunina til að breyta viðskiptalíkani sínu.
98. Þrátt fyrir mismunandi orðalag eru tillagðar kröfur ekki einasta í samræmi við ICAO, heldur getur tillaga stofnunarinnar einnig verið líkan sem ICAO mun fylgja. Raunar staðfesti 37. ICAO fundurinn, sem haldinn var í september og október 2010, að nýr viðauki skyldi saminn sem fengist við öryggisstjórnun. Hann mun innihalda staðlana sem tengjast öryggisáætluninni sem stjórnvöld krefjast og gæti innihaldið hina almennu SMS staðla sem eiga við um allar stofnanir, og fylgir því þeirri heildarkerfisnálgun sem lögð var til af EASA í tilkynningu um fyrirhugaða breytingu um stjórnvalds- og stofnanakröfur. Kröfur stjórnunarkerfisins, eins og þær eru lagðar til, hæfa ýmsum stofnunum, hver sem stærð þeirra er, eðli eða margbreytileiki starfseminnar og hvaða viðskiptalíkani sem er sem þær óska eftir að beita, og því er hlutfallsleg beiting þeirra tryggð.

<sup>32</sup> ICAO viðauki 1 viðbætur 4 / ICAO viðauki 6 viðbætur 7 "Rammi fyrir öryggisstjórnunarkerfi".

99. Stofnunin leggur einnig til að, í tilvikum þar sem stofnun myndi útvista hluta af starfsemi sinni sem heyrir undir núverandi tillagðar kröfur, ætti hún að halda eftir ábyrgð á fylgni við viðkomandi reglur. Þetta er nauðsynlegt til að tryggja að stofnanir séu áfram ábyrgar fyrir þeirri starfsemi sem heyrir undir vottun.
100. Lagt er til að kröfur stjórnunarkerfisins eigi við um allar stofnanir sem þessar tillögðu stofnanakröfur ná til. Við gerð draga að kröfum stjórnunarkerfisins, athugaði stofnunin hvað gildi nú þegar um stofnanir frumlofthæfis og viðvarandi lofthæfis til að ganga úr skugga um samhæfni við þær, og hélt orðalagi þeirra reglna sem þegar áttu við, þar sem það var mögulegt. Hins vegar ætlar stofnunin að leggja til reglur sem útfæra ICAO SMS staðlana fyrir aðrar tegundir stofnana í framtíðinni. Í eins miklum mæli og það er mögulegt, mun stofnunin kappkosta að halda kröfunum sem líkustum þeim sem lagðar eru til í þessum stofnanakröfum. Þetta mun auðvelda einfaldaða útfærslu ICAO staðlanna, einkum fyrir þær stofnanir sem eiga í starfsemi sem nær til margra sviða flugmála.
101. Þegar þörf krefur fá kröfur stjórnunarkerfis viðbót sína frá samsvarandi kröfum fyrir sérstakar tegundir stofnana svo að kröfunum sem þessar sérstöku tegundir stofnana fylgja sé ekki breytt (t.d. hvað varðar tímalengd fyrir skráningu sem þegar hefur verið fallist á).
102. Þegar gerð voru drög að þessum kröfum, kappkostaði stofnunin að tryggja samræmi milli krafanna sem eiga við um ýmsar tegundir stofnana. Því hefur stofnunin kynnt sér kröfurnar sem kveðið er á um í JAR-FCL 1, 2 og 3, í EU-OPS, í AMCs og GMs við JAR-OPS 1 og í JAR-OPS 3. Þessir staðlar innihéldu kröfurnar sem stofnanirnar innan gildissviðs tillögðu stofnanakrafanna áttu að fylgja. Því hefur stofnunin, til að tryggja heildarsamræmi, kynnt sér viðkomandi kröfur sem er að finna í útfærslureglunum sem þegar eiga við um lofthæfistofnanir. Stofnunin lagði því næst til, í tilkynningu sinni um fyrirhugaða breytingu, orðalag sem virtist hæfa best öllum stofnunum, og bætti það upp, þegar þurfa þótti, með kröfunum fyrir sérstakar tegundir stofnana.
103. Stofnunin bætti við þessar tillögðu reglur, öðrum reglum sem byggjast á ICAO stöðlum sem ekki höfðu verið innleiddar í stöðlunum sem útlistaðir eru í fyrrgreindu málsgreininni. Þetta á til dæmis við um ICAO SMS kröfurnar.
104. Við umsagnaleitunina hefur stofnunin útskýrt ítarlega ferlið sem farið hefur verið eftir við að komast að niðurstöðu um tillögðu stjórnunarkerfiskröfurnar. Upphaflegar athugasemdir hagsmunaaðila sýndu að ekki var fullur skilningur á tillögðu reglunum. Því hefur stofnunin, með aðstoð endurskoðunarhópsins, endurskoðað tillagða textann í því skyni að bæta skýrleika hans.
105. Í þessu tilliti gaf stofnunin upplýsingar, í CRD, um hvernig ICAO SMS staðlarnir væru umritaðir í þessum reglum. Ætlunin var að bregðast við áhyggjum þess efnis að stofnunin hefði lagt til kröfur sem voru frábrugðnar ICAO stöðlunum. Af viðbrögðunum sem bárust gerði stofnunin sér grein fyrir því að þetta væri mikils metið og almennur skilningur væri fyrir hendi. Einkum gerðu hagsmunaaðilar sér grein fyrir því að stofnunin ætlar sér að leggja til nýjar AMCs í framtíðinni, í því skyni að aðstoða hagsmunaaðila við að framkvæma nauðsynlega ferla sem vænst er fyrir öryggisstjórnun. Til dæmis, þar sem stofnunin er í samstarfi við helstu stjórnvöld og ICAO um hvernig eigi að mæla öryggisárangur, mun hún leggja til AMC eða GM til að staðfesta skilvirkni aðgerða til mildunar á áhættu, í samræmi við samsvarandi kröfu.
106. Stofnuninni fannst það ennfremur athyglisvert að sumir hagsmunaaðilar báðu um að frekari þróun yrði í átt að reglum sem byggðu á árangri. Hins vegar telur stofnunin það ekki viturlegt að leggja til reglur sem byggja að fullu á árangri á þessu stigi og að viðvarandi endurbætur á reglunum, sem eru samstiga framgangi á stofnanastigi, muni greiða leiðina að reglum sem byggja á árangri.
107. Stofnunin er einnig meðvituð um að sum mál muni krefjast frekari skoðunar, bæði af stofnuninni og af ICAO. Þetta á við um tengsl milli SMSs. Stofnunin fellst á það með hagsmunaaðilum að stofnanir ættu ekki að hafa eftirlit með öryggi óháð öðrum, heldur

ættu að gera það í samvinnu við aðrar stofnanir sem þær tengjast. Til dæmis gerir skilvirk öryggisstjórnun rekstraraðila flugvallar ráð fyrir viðunandi samhæfingu við flugrekstraraðila og flugleiðsöguþjónustuaðila sem nota þjónustu flugvallarins. Því hyggst stofnunin leggja til reglu í framtíðinni sem tekur á þessu atriði. Í þessu augnmiði mun stofnunin nýta sér sérþekkingu reglusetningarhópanna sem vinna að útfærslureglunum fyrir flugvelli.



**Liður-OR undirliður ATO**

108. Undirliður OR.ATO skilgreinir hinar sértæku stofnanakröfur fyrir ATOs á sviði leyfisveitingar flugáhafna, og er viðbót við kröfurnar í undirlið GEN. Hann samanstendur af fjórum hlutum, sem eru uppbyggðir á eftirfarandi hátt:

- Hluti I Almennar kröfur;
- Hluti II Viðbótarkröfur fyrir ATOs sem veita þjálfun fyrir CPL, MPL og ATPL og áritanir og vottorð þar að lútandi.
- Hluti III Viðbótarkröfur fyrir ATOs sem veita sértæka tegund þjálfunar
  - Kafli 1: Fjarnámskeið;
  - Kafli 2: Þjálfun sem fer fram eingöngu í flughermi;
  - Kafli 3: MPL námskeið; og
  - Kafli 4: Flugprófsþjálfun.

109. *Hluti I* í undirlið OR.ATO kveður á um almennar kröfur fyrir stofnanir sem veita þjálfun fyrir flugmannsskírteini, áritanir og vottorð. Þessi hluti hefur að geyma ákvæði um umsókn til útgáfu vottorðs, starfsmannakröfurnar fyrir samþykktu þjálfunarstöð (e. approved training organisation, ATO), þjálfunaráætlunina, þjálfunar- og rekstrarhandbókina, loftfarið og flugvellina sem notast á við í þjálfuninni og nokkrar viðbótarkröfur fyrir þjálfun sem fer fram í þriðja ríki.

*Hluti II* kveður á um viðbótarákvæðin fyrir þjálfunarstöðvar sem veita þjálfun fyrir flugmannsskírteini vegna flugs í viðskiptalegum tilgangi. Hann hefur að geyma nokkrar viðbótarkröfur sem taka til starfsfólks, þjálfunaráætlunina og lýsir nánar viðbótarkröfunum fyrir þjálfunar- og rekstrarhandbókina.

*Hluti III* hefur að geyma kröfur fyrir þjálfunarstöðvar sem veita þjálfun fyrir sértækar tegundir þjálfunar, eins og fjarnámskeið, þjálfun sem fer fram eingöngu í flughermi, námskeið fyrir flugmannsskírteini fjölstjórnaráhafnar og flugprófsþjálfun.

110. Tillagðar útfærslureglur hluta I, II og III byggjast á núverandi kröfum fyrir þjálfunarstöðvar sem er að finna í ICAO viðauka 1 (viðbæti 2) og JAR-FCL. Misræmi við fyrri reglugerðir eru aðallega til að bæta skýrleika. Á grundvelli innleggs frá hagsmunaaðilum voru ákveðin mál skýrð og þeim breytt. Til að taka tillit til þess að flestar þjálfunarstöðvarnar sem veita þjálfun einvörðungu fyrir LAPL, PPL, SPL, BPL og fyrir áritanir og vottanir þar að lútandi, hafa hingað til verið flokkaðar annað hvort sem skráð aðstaða samkvæmt JAR kerfinu eða verið lögbundnar samkvæmt landslögum, voru ákveðnar kröfur stofnsettar sem eiga rætur að rekja til JAR-FCL á almennari og einfaldaðri hátt í hluta I. Viðbótarkröfurnar fyrir ATOs sem veita þjálfun fyrir flugmannsskírteini vegna flugs í viðskiptalegum tilgangi í hluta II byggjast á viðbæti 1a við JAR-FCL 1.055 / 2.055.

111. CRD innleiddi nokkrar breytingar á texta tilkynningarinnar um fyrirhugaða breytingu fyrir þennan hluta, þar á meðal þróun fjölmargra AMCs til viðbótar sem útskýra hvernig eigi að uppfylla regluna í tilvikum einfaldrar þjálfunarstöðva sem veita þjálfun einvörðungu fyrir LAPL, PPL, SPL eða BPL og áritanir og vottorð þar að lútandi. Kröfurnar sem upphaflega voru lagðar til fyrir þjálfunarstöð sem skyldi skrá sem lögaðila og sýna fram á fjármagn, voru fjarlægðar. Ennfremur var ákveðið að færa kröfuna fyrir þjálfunar- og rekstrarhandbók úr hluta II í hluta I og láta hana gilda fyrir allar þjálfunarstöðvar. Það skal þó skýrt að, fyrir þjálfunarstöðvar sem veita þjálfun einvörðungu fyrir einkaflugmannsskírteinin (þar á meðal LAPL), þarf einungis að stofnsetja þessa handbók í mjög einfaldaðri mynd (heimilt er að sameina þjálfunar- og rekstrarhandbækur í eina handbók).

112. Við umsagnaleitunina lýstu stofnanir hagsmunaaðila áhyggjum af því hversu ítarlegur kröfurnar voru fyrir þjálfunarstöðvar í þeim geira sem rekstur er ekki í hagnaðarskygni og fyrir þær sem veita aðallega þjálfun fyrir LAPL og hin einkaflugmannsskírteinin eða áritanir og vottorð þar að lútandi. Stofnunin reyndi að finna lausn á þessum áhyggjum með því að einfalda sumar af kröfunum í þessum hluta. Einnig var ákveðið að viðbótar AMCs/GM fyrir þess háttar þjálfunarstöð verði þróað í reglusetningarverkefni í framtíðinni (t.d. innihald þjálfunar- og rekstrarhandbókarinnar).
113. Á grundvelli þeirra athugasemda sem bárust og voru vegna hinna sértæku krafna fyrir þjálfunarstöðvar sem bjóða upp á námskeið einvörðungu fyrir flugprófsáritanir, ákvað stofnunin að þróa ekki sérstakar reglur fyrir þess konar þjálfunarstöðvar. Sértækum viðbótarreglum eða tilslökunum hefur verið bætt við fjölmargar kröfur til að bregðast við þessu atriði, eins og við á.
114. Heiti þessa hluta hefur verið breytt til að bregðast við athugasemdum hagsmunaaðilanna hvað varðar umfang þjálfunarstöðvanna sem veita þjálfun einvörðungu fyrir LAPL, PPL, SPL eða BPL. Hið breytta heiti skal skyra að þjálfunarstöðvunum sem veita þjálfun fyrir LAPL og einkaflugmannsskírteinin verður einnig heimilt að standa fyrir þjálfunarnámskeiðum fyrir áritanir og vottanir er lúta að þessum skírteinum.
115. Fjöldmörg misvísandi álit bárust vegna þeirrar reynslu sem krafist er fyrir yfirflugkennara (e. chief flight instructor, CFI). Stofnunin ákvað að breyta því orðalagi sem lagt er til með CRD og halda sig nærri því orðalagi sem þegar er að finna í JAR-FCL. Krafan um að CFI skuli hafa hæstu gráðu fagflugmannsskírteinis og áritanir þar að lútandi í tengslum við flugþjálfunarnámskeið sem framkvæmd eru, var færð aftur í útfærslureglurnar. AMC verður breytt einnig til að skýra þessa kröfu enn frekar.
116. Svipuð athugasemd barst frá fjölmörgum hagsmunaaðilum, sem lagði til að fjarnámskeið skyldu vera í boði fyrir þjálfun fyrir tegundaáritun fjölstjórnar með sömu takmörkunum og gilda fyrir tegundaáritanir einstjórnar. Stofnunin er meðvituð að fjarnámskeið á vefnum verða nú sífellt algengari fyrir tegundaáritunarþjálfun og fellst á því að slíkt hefur í för með sér kennsluávinning. Stofnunin breytti textanum til að gera ráð fyrir fjarnámskeiðum fyrir allar flokka- eða tegundaáritanir.
117. Meirihluti þeirra athugasemda og viðbragða sem bárust varðandi viðbótarkröfurnar fyrir flugprófsþjálfunarstöðvar varðaði ekki innihald tillagna stofnunarinnar, heldur uppbyggingu þeirra. Fjöldmargir hagsmunaaðilar fóru þess á leit að sérstakur undirliður yrði gerður fyrir flugprófsþjálfunarstöðvar. Eftir ítarlega endurskoðun athugasemdanna og krafanna, sem fór fram með aðstoð flugprófsendurskoðunarhópsins, komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að engin þörf væri á því að búa til sérstakan undirlið, þrátt fyrir að flugprófsþjálfun sé mjög sérstök starfsemi. Raunar var hægt að beita miklum meirihluta almennra krafna fyrir ATOs á flugprófsþjálfunarstöðvar. Hins vegar voru borin kennsl á nokkur atriði sem eru sértæk fyrir flugprófsþjálfunarstöðvar og þau endurspeglast í textanum, annað hvort með því að útiloka þessar stöðvar frá sumum almennu krafanna, eða með breytingu á frumtexta OR.ATO.355.
118. Samþykki þjálfunarstöðva sem eru gefin út eða viðurkennd í samræmi við viðeigandi JAR-FCL kröfur af aðildarríki sem hefur útfært JAR-FCL og sem hafa hlotið meðmæli til gagnkvæmrar viðurkenningar skulu teljast útgefin í samræmi við lið-OR. Í slíkum tilvikum skal tímabil málalykta stigs 2 niðurstaðna ekki fara umfram 2 ár þegar þessar niðurstöður eru tilkomnar vegna mismunar við fyrri landslöggjöf sem endurspeglar JAR-FCL kröfurnar fyrir þjálfunarstöðvar.
119. Hvað varðar þjálfunarstöðvar sem hafa ekki verið innan umfangs JAR-FCL kerfisins og hafa veitt þjálfun fyrir einkaflugmannsskírteini einvörðungu eða áritanir eða vottanir þar að lútandi, er lagt til að aðildarríkin geti frestað beitingu ákvæða liðs-AR og liðs-OR í allt að 3 ár eftir nothæfri dagsetningu hinnar nýju reglugerðar. Þetta aðlögunartímabil ætti að svara áhyggjum þeim sem aðallega var lýst af smærri þjálfunarstöðvum og stofnunum hagsmunaaðila, og undirstrikar að skráðar aðstöður eða aðrar þjálfunarstöðvar samkvæmt landskerfinu muni þurfa meiri tíma til að undirbúa sig undir hina nýju

reglugerð. Nokkrar stofnanir hagsmunaaðila og sum aðildarríkjanna lögðu til eins konar "starfsleyfi til starfandi stofnana" fyrir skráðar aðstöður. Stofnunin fór vandlega yfir málið en vegna hins verulega misræmis milli krafanna sem fylgja á til að hljóta samþykki sem skráð aðstaða og samþykkisins fyrir ATO kerfið, var ekki hægt að innleiða neitt sérstakt ákvæði um viðurkenningu eða starfsleyfi til starfandi stofnana í framtíðinni fyrir þessa tegund þjálfunarstöðva. Hins vegar gerir stofnunin ráð fyrir því að í flestum tilvikum byggist flutningur núverandi skráðrar aðstöðu í framtíðarkerfi ATO á glufugreiningu milli reglugerðanna tveggja. Þetta mun gera það kleift að veita þjálfunarstöðvum einhvers konar viðurkenningu fyrir þau undirstöðuatriði sem þegar hafa verið stofnsett og lögbæra stjórnvaldið hefur samþykkt (t.d. þjálfunar- og rekstrarhandbók / undirstöðuatriði SMS).

## Liður-OR undirliður FSTD

120. Undirliður OR.FSTD skilgreinir hinar sértæku kröfur fyrir stofnanir sem starfrækja flughermisþjálfunarbúnað (e. flight simulation training devices, FSTDs) og hæfni FSTDs. Hann samanstendur af tveimur hlutum, eins og hér segir:

- Hluti I Kröfur fyrir stofnanir sem starfrækja FSTDs
- Hluti II Kröfur fyrir hæfni FSTDs

121. OR.FSTD skilgreinir viðbótarkröfurnar fyrir stofnanir sem starfrækja FSTDs og hæfni FSTDs. Hann tekur til stofnana eins og rekstraraðila FSTD sem veita ekki þjálfunaráætlun, ATOs og handhafa AOC sem starfrækja FSTDs.

- *Hluti I* lýsir því hvernig stofnun sem starfrækir FSTD getur sýnt *lögbæru stjórnvaldi* fram á að hún búi yfir getu til að viðhalda hæfnistigi FSTD eins og það er vottað og hvernig eigi að bera sig að þegar einhverjar breytingar eru nauðsynlegar eða búnaði hefur verið bætt við FSTD. Fylgnivöktunaráætlunin (e. compliance monitoring programme, CMP) er mikilvægt undirstöðuatriði þegar tryggja á áframhaldandi fylgni við viðeigandi kröfur.
- *Hluti II* tekur á öllu ferlinu, allt frá umsókninni um FSTD hæfni, hæfnigrundvellingum, sem felur í sér CS, sérstökum tilvikum bráðabirgðahæfni, til útgáfu FSTD hæfnivottorðs og gildis þess.

122. OR.FSTD byggist á JAR-FSTD A og H. Misræmi við fyrri reglugerðir tengjast aðallega endurbótum vegna skýrleika. Enginn grundvallarmunur er fyrir hendi hvað varðar FSTD rekstraraðila.

123. Þar sem aldrei var krafa fyrir hendi um að veita notanda FSTD (í þessu tilviki ATOs eða handhöfum AOC) 'notandasamþykki' á einu skjali, verður samþykki á notkun FSTD hluti af ATO vottorðinu (viðbætur) eða af þjálfunarhandbók (OM-D) handhafa AOC í tengslum við samþykktu þjálfunaráætlanirnar. Þetta tryggir efndir ákvæðanna um upplýsingar í þjálfunaráætluninni um hvað hinn sértæki þjálfunarbúnaður, sem auðkenna á með sérstökum stafakóða hans, er í raun fær um.

124. Til að fjalla um rekstraraðila FSTD sem veita ekki þjálfunaráætlun, hefur hið almenna hugtak "stofnanir sem starfrækja FSTD" verið notað. Þetta nær til bæði ATOs og handhafa AOC sem starfrækja FSTDs. Ef ATO starfrækja til dæmis FSTD, gilda reglurnar í hluta III einnig um þær, til viðbótar við aðrar viðeigandi reglur undirliðs OR.ATO.

Hjá öllum stofnunum sem starfrækja FSTDs skal skilvirk áætlun um fylgnivöktun (e. compliance monitoring, CM) vera til staðar. Sýna þarf lögbæra stjórnvaldinu fram á þetta áður en hægt er að gefa út hæfnivottorð. Kröfunni um skráningu sem hluti af CM áætluninni hefur verið bætt við.

Tengli við lið-21 hefur verið skotið inn í hæfnigrunn viðkomandi tegunda(r) FSTD, til að innifela fullgildingargögn loftfars sem skilgreind eru af rekstrarhæfigögnunum (e. operational suitability data, OSD)

125. Hvað varðar handhafa FSTD vottorða, er lagt til aðlögunartímabil til að uppfylla kröfurnar sem útlistaðar eru í OR.GEN.200(a)(3) í formi tveggja ára úrsagnar, þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir því að allir liðir hafi verið útfærðir samkvæmt fyrirliggjandi reglugerðum (t.d. auðkenning á öryggishættum).

### **Liður-OR undirliður AeMC**

Sjá lið-AR undirlið AeMC.

Köln, 19. apríl 2011

P. GOUDOU  
Framkvæmdastjóri

## VIÐAUKI I

## Reglutilvísanir og heiti - samanburðartafla CRD / álit (í röð CRD)

CRD reglutilvísun	CRD regluheiti	Reglutilvísun álights	Regluheiti álights
<b>FORSÍÐUREGLUGERÐ</b>			
AR grein 1	Markmið og umfang	Grein 1	Markmið og umfang
AR grein 2	Skilgreiningar	Grein 2	Skilgreiningar
AR grein 3	Öryggisáætlun	Grein 3	Öryggisáætlunargerð
AR grein 4	Umsjónargeta	Grein 4	Umsjónargeta
AR grein 5	Sveigjanleikaákvæði	Grein 5	Sveigjanleikaákvæði
AR grein 6	Bráðabirgðafyrirkomulag	Grein 6	Flugmannsþjálfunarstöðvar
AR grein 7	Gildistaka	Grein 7	Flughermisþjálfunarbúnaður
---	---	Grein 8	Fluglækningastöðvar
---	---	Grein 9	Bráðabirgðaráðstafanir
---	---	Grein 10	Gildistaka
<b>AR.GEN - ALMENNAR KRÖFUR</b>			
AR.GEN	Hluti I - ALMENNT	AR.GEN	Hluti I - ALMENNT
AR.GEN.115	Umsjónargögn	AR.GEN.115	Umsjónargögn
AR.GEN.120	Leiðir til að fullnægja skilyrðum	AR.GEN.120	Leiðir til að fullnægja skilyrðum
AR.GEN.125	Upplýsingar til stofnunarinnar	AR.GEN.125	Upplýsingar til stofnunarinnar
AR.GEN.135	Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli	AR.GEN.135	Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli
AR.GEN	Hluti II - STJÓRNUN	AR.GEN	Hluti II - STJÓRNUN
AR.GEN.200	Stjórnunarkerfi	AR.GEN.200	Stjórnunarkerfi
AR.GEN.205	Notkun viðurkenndra eininga	AR.GEN.205	Úthlutun verkefna
AR.GEN.210	Breytingar á stjórnunarkerfinu	AR.GEN.210	Breytingar á stjórnunarkerfinu
AR.GEN.220	Skráning	AR.GEN.220	Skráning
AR.GEN	Hluti III - UMSJÓN, VOTTUN OG FRAMFYLGD	AR.GEN	Hluti III - UMSJÓN, VOTTUN OG FRAMFYLGD
AR.GEN.300	Viðvarandi umsjón	AR.GEN.300	Umsjón
AR.GEN.305	Umsjónaráætlun	AR.GEN.305	Umsjónaráætlun
AR.GEN.310	Frumvottunarferli - stofnanir	AR.GEN.310	Frumvottunarferli - stofnanir
AR.GEN.315	Ferli fyrir útgáfu, endurfullgildingu, endurnýjun eða breytingu á skírteinum, áritunum eða vottorðum - einstaklingar	AR.GEN.315	Ferli fyrir útgáfu, endurfullgildingu, endurnýjun eða breytingu á skírteinum, áritunum, vottorðum eða vottunum - einstaklingar
AR.GEN.330	Breytingar - stofnanir	AR.GEN.330	Breytingar - stofnanir
AR.GEN.345	Tilkynning - stofnanir	---	verður gefinn út með álitinu fyrir reglugerðina um flugrekstur
AR.GEN.350	Niðurstöður og leiðréttandi aðgerðir - stofnanir	AR.GEN.350	Niðurstöður og leiðréttandi aðgerðir

CRD reglutilvísun	CRD regluheiti	Reglutilvísun áalts	Regluheiti áalts
AR.GEN.355	Framfylgdaraðgerðir - einstaklingar	AR.GEN.355	Framfylgdaraðgerðir - einstaklingar
<b>AR.GEN</b>	<b>AR.GEN.Hluti IV "Skoðanir á hlaði"</b>	<b>AR.RAMP</b>	<b>verður gefinn út með álitinu fyrir reglugerðina um flugrekstur</b>
<b>AR.OPS</b>	<b>AR.OPS</b>	<b>AR.OPS</b>	
<b>AR.FCL - SÉRTÆKAR KRÖFUR SEM TENGJAST LEYFISVEITINGU FLUGÁHAFNA</b>			
AR.FCL	Hluti I - ALMENNT	AR.FCL	Hluti I - ALMENNT
AR.FCL.120	Skráning	AR.FCL.120	Skráning
AR.FCL	Hluti II - SKÍRTEINI, ÁRITANIR OG VOTTORÐ	AR.FCL	Hluti II - SKÍRTEINI, ÁRITANIR OG VOTTORÐ
AR.FCL.200	Ferli fyrir útgáfu, endurfullgildingu og endurnýjun skirteinis, áritunar eða vottorðs	AR.FCL.200	Ferli fyrir útgáfu, endurfullgildingu eða endurnýjun skirteinis, áritunar eða vottorðs
AR.FCL.205	Vöktun prófdómara	AR.FCL.205	Vöktun prófdómara
AR.FCL.210	Upplýsingar fyrir prófdómara	AR.FCL.210	Upplýsingar fyrir prófdómara
AR.FCL.215	Gildistími	AR.FCL.215	Gildistími
AR.FCL.220	Ferli fyrir endurútgáfu flugmannsskirteinis	AR.FCL.220	Ferli fyrir endurútgáfu flugmannsskirteinis
AR.FCL.250	Takmörkun, svipting og afturköllun skirteina, áritana og vottorða	AR.FCL.250	Takmörkun, svipting eða afturköllun skirteina, áritana og vottorða
AR.FCL	Hluti III - PRÓF Í FRÆDILEGRI ÞEKKINGU	AR.FCL	Hluti III - PRÓF Í FRÆDILEGRI ÞEKKINGU
AR.FCL.300	Prófferli	AR.FCL.300	Prófferli
Viðbætur VII við viðauka 1 - liður-AR EASA eyðublað 141	Staðlað EASA skirteinissnið	Viðbætur I við viðauka II - liður-AR EASA eyðublað 141	Staðlað EASA skirteinissnið
<b>AR.CC - SÉRTÆKAR KRÖFUR SEM TENGJAST ÖRYGGIS- OG ÞJÓNUSTULIÐUM</b>			
AR.CC	Hluti I - SAMÞYKKI STOFNANA SEM VEITA CC ÞJÁLFUN EÐA GEFA ÚT CC VOTTANIR	AR.CC	Hluti II - STOFNANIR SEM VEITA CC ÞJÁLFUN EÐA GEFA ÚT CC VOTTANIR
AR.CC.100	Samþykki stofnana um að veita þjálfun öryggis- og þjónustuliða eða til að gefa út vottanir öryggis- og þjónustuliða	AR.CC.200	Samþykki stofnana um að veita þjálfun öryggis- og þjónustuliða eða til að gefa út vottanir öryggis- og þjónustuliða
AR.CC	Hluti II - VOTTUN ÖRYGGIS- OG ÞJÓNUSTULIÐA		Hluti I - VOTTUN ÖRYGGIS- OG ÞJÓNUSTULIÐA
AR.CC.200	Ferli fyrir útgáfu vottunar öryggis- og þjónustuliða	AR.CC.100	Ferli fyrir vottun öryggis- og þjónustuliða
AR.CC.205	Snið og lýsingar fyrir vottanir öryggis- og þjónustuliða	---	[innlimað í AR.CC.100]
AR.CC.215	Svipting eða afturköllun vottana öryggis- og þjónustuliða	AR.CC.105	Svipting eða afturköllun vottana öryggis- og þjónustuliða
Viðbætur VIII við viðauka 1 - liður-AR EASA eyðublað 142	Staðlað EASA snið fyrir vottanir öryggis- og þjónustuliða	Viðbætur II við viðauka II - liður-AR EASA eyðublað 142	Staðlað EASA snið fyrir vottanir öryggis- og þjónustuliða
<b>AR.ATO - SÉRTÆKAR KRÖFUR Í TENGLUM VIÐ SAMÞYKKTAR ÞJÁLFUNARSTÖÐVAR (e. APPROVED TRAINING ORGANISATIONS, ATOs)</b>			

CRD reglutilvísun	CRD regluheiti	Reglutilvísun álits	Regluheiti álits
AR.ATO.105	Umsjónaráætlun	AR.ATO.105	Umsjónaráætlun
AR.ATO.120	Skráning	AR.ATO.120	Skráning
<b>AR.FSTD - SÉRTÆKAR KRÖFUR Í TENGLUM VIÐ HÆFNI FLUGHERMI SPJÁLFUNARBÚNAÐAR (e. FLIGHT SIMULATION TRAINING DEVICES, FSTD)</b>			
AR.ATO.200	Upphaflegt matsferli	AR.FSTD.100	Upphaflegt matsferli
AR.ATO.210	Útgáfa FSTD hæfnivottorðs	AR.FSTD.110	Útgáfa FSTD hæfnivottorðs
AR.ATO.220	Áframhald FSTD hæfni	AR.FSTD.120	Áframhald FSTD hæfni
AR.ATO.230	Breytingar	AR.FSTD.130	Breytingar
AR.ATO.235	Niðurstöður og leiðrétandi aðgerðir - FSTD hæfnivottorð	AR.FSTD.135	Niðurstöður og leiðrétandi aðgerðir - FSTD hæfnivottorð
Viðbætur IX við viðauka 1 - liður-AR EASA eyðublað 143	Vottorð fyrir samþykktar þjálfunarstöðvar með samþykkiseyðublaði þjálfunarnámskeiðs	Viðbætur III við viðauka II - liður-AR EASA eyðublað 143	Vottorð fyrir samþykktar þjálfunarstöðvar með samþykkiseyðublaði þjálfunarnámskeiðs
Viðbætur X við viðauka 1 - liður-AR EASA eyðublað 145	Hæfnivottorð flughermisþjálfunarbúnaðar	Viðbætur IV við viðauka II - liður-AR EASA eyðublað 145	Hæfnivottorð flughermisþjálfunarbúnaðar
<b>AR.AeMC - SÉRTÆKAR KRÖFUR Í TENGLUM VIÐ FLUGLÆKNINGASTÖÐVAR (e. AERO-MEDICAL CENTRES, AeMCs)</b>			
AR.AeMC.110	Frumvottunarferli	AR.AeMC.110	Frumvottunarferli
AR.AeMC.150	Niðurstöður og leiðrétandi aðgerðir - AeMC	AR.AeMC.150	Niðurstöður og leiðrétandi aðgerðir - AeMC
Viðbætur XI við viðauka 1 - liður-AR EASA eyðublað 146	Vottorð fyrir fluglækningastöðvar (AeMCs)	Viðbætur V við viðauka II - liður-AR EASA eyðublað 146	Vottorð fyrir fluglækningastöðvar (AeMCs)
<b>AR.MED - SÉRTÆKAR KRÖFUR Í TENGLUM VIÐ FLUGLÆKNINGAVOTTUN</b>			
AR.MED	Hluti I - ALMENNT	AR.MED	Hluti I - ALMENNT
AR.MED.120	Heilbrigðismatsmenn	AR.MED.120	Heilbrigðismatsmenn
AR.MED.125	Tilvísun til skirteinisstjórnvaldsins	AR.MED.125	Tilvísun til skirteinisstjórnvaldsins
AR.MED.130	Heilbrigðisvottorðssnið	AR.MED.130	Heilbrigðisvottorðssnið
AR.MED.135	Fluglækningaeyðublöð	AR.MED.135	Fluglækningaeyðublöð
AR.MED.145	GMP yfirlýsing til lögbæra stjórnvaldsins	AR.MED.145	GMP tilkynning til lögbæra stjórnvaldsins
AR.MED.150	Skráning	AR.MED.150	Skráning
AR.MED	Hluti II - FLUGLÆKNINGAPRÓFDÓMARAR	AR.MED	Hluti II - FLUGLÆKNINGAPRÓFDÓMARAR
AR.MED.200	AR.MED.200 Ferli fyrir útgáfu vottorðs fluglækningaprófdómara (e. aero-medical examiner, AME)	AR.MED.200	Ferli fyrir útgáfu AME vottorðs
AR.MED.240	Almennir starfandi lækna (e. general medical practitioners, GMPs) sem starfa sem fluglækningaprófdómarar (AMEs)	AR.MED.240	Almennir starfandi lækna (e. general medical practitioners, GMPs) sem starfa sem AMEs
AR.MED.245	Viðvarandi umsjón fluglækningaprófdómara (e. aero-medical examiners, AMEs) og	AR.MED.245	Viðvarandi umsjón AMEs og GMPs

CRD reglutilvísun	CRD regluheiti	Reglutilvísun álits	Regluheiti álits
	almennra starfandi lækna (e. general medical practitioners, GMPs)		
AR.MED.250	Takmörkun, svipting og afturköllun vottorðs fluglækningaprófdómara-	AR.MED.250	Takmörkun, svipting og afturköllun vottorðs fluglækningaprófdómara
AR.MED.255	Framfylgdaraðgerðir	AR.MED.255	Framfylgdaraðgerðir
AR.MED	Hluti III - HEILBRIGÐISVOTTUN	AR.MED	Hluti III - HEILBRIGÐISVOTTUN
AR.MED.315	Endurskoðun prófskýrslna	AR.MED.315	Endurskoðun prófskýrslna
AR.MED.325	Ferli við aðra skoðun	AR.MED.325	Ferli við aðra skoðun
Viðbætur XII við viðauka 1 - liður-AR EASA eyðublað 147	Staðlað EASA heilbrigðisvottorðssnið	Viðbætur VI við viðauka II - liður-AR EASA eyðublað 147	Staðlað EASA heilbrigðisvottorðssnið
<b>Forsíðureglugerð</b>			
OR grein 1	Markmið og umfang	Grein 1	Markmið og umfang
OR grein 2	Skilgreiningar	Grein 2	Skilgreiningar
OR grein 3	Flugmannspjálfunarstöðvar	Grein 6	Flugmannspjálfunarstöðvar
OR grein 4	Flughermisþjálfunarbúnaður	Grein 7	Flughermisþjálfunarbúnaður
OR grein 5	Fluglækningastöðvar	Grein 8	Fluglækningastöðvar
OR grein 6	Flugrekstraraðilar	---	---
OR grein 8	Gildistaka	Grein 10	Gildistaka
<b>OR.GEN - ALMENNAR KRÖFUR</b>			
OR.GEN	Hluti I - ALMENNT	OR.GEN	Hluti I - ALMENNT
OR.GEN.105	Lögbært stjórnvald	OR.GEN.105	Lögbært stjórnvald
OR.GEN.115	Umsókn um stofnanavottorð	OR.GEN.115	Umsókn um stofnanavottorð
OR.GEN.120	Leiðir til að fullnægja skilyrðum	OR.GEN.120	Leiðir til að fullnægja skilyrðum
OR.GEN.125	Skilmálar samþykkis og sérréttindi stofnunar	OR.GEN.125	Skilmálar samþykkis og sérréttindi stofnunar
OR.GEN.130	Breytingar á stofnunum sem háðar eru vottun	OR.GEN.130	Breytingar á stofnunum sem háðar eru vottun
OR.GEN.135	Áframhaldandi gildi	OR.GEN.135	Áframhaldandi gildi
OR.GEN.140	Aðgangur	OR.GEN.140	Aðgangur
OR.GEN.145	Yfirlýsing	---	verður gefinn út með álitinu fyrir reglugerðina um flugrekstur
OR.GEN.150	Niðurstöður	OR.GEN.150	Niðurstöður
OR.GEN.155	Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli	OR.GEN.155	Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli
OR.GEN.160	Atvikatilkynning	OR.GEN.160	Atvikatilkynning
OR.GEN	Hluti II - STJÖRNUNARKERFI	OR.GEN	Hluti II - STJÖRNUNARKERFI
OR.GEN.200	Stjórnunarkerfi	OR.GEN.200	Stjórnunarkerfi
OR.GEN.205	Samningsgerð og innkaup	OR.GEN.205	Umsamdar aðgerðir
OR.GEN.210	Starfsmannakröfur	OR.GEN.210	Starfsmannakröfur
OR.GEN.215	Aðstöðukröfur	OR.GEN.215	Aðstöðukröfur



CRD reglutilvísun	CRD regluheiti	Reglutilvísun álights	Regluheiti álights
OR.GEN.220	Skráning	OR.GEN.220	Skráning
OR.OPS.GEN	OR.OPS.GEN	CAT.OR	verður gefinn út með álitinu fyrir reglugerðina um flugrekstur
OR.OPS.MLR	OR.OPS.MLR	CAT.MLR	
OR.OPS.AOC	OR.OPS.AOC	CAT.AOC	
OR.OPS.FC	OR.OPS.FC	CAT.FC	
OR.OPS.CC	OR.OPS.CC	CAR.CC	
OR.OPS.TC	OR.OPS.TC	CAT.TC	
OR.OPS.SEC	OR.OPS.SEC	CAT.SEC	
<b>OR.ATO - SAMÞYKKTAR ÞJÁLFUNARSTÖÐVAR</b>			
OR.ATO	Hluti I - ALMENNT	OR.ATO	Hluti I - ALMENNT
OR.ATO.100	Umfang	OR.ATO.100	Umfang
OR.ATO.105	Beiting	OR.ATO.105	Beiting
OR.ATO.110	Starfsmannakröfur	OR.ATO.110	Starfsmannakröfur
OR.ATO.120	Skráning	OR.ATO.120	Skráning
OR.ATO.125	Þjálfunaráætlun	OR.ATO.125	Þjálfunaráætlun
OR.ATO.130	Þjálfunarhandbók og rekstrarhandbók	OR.ATO.130	Þjálfunarhandbók og rekstrarhandbók
OR.ATO.135	Þjálfunarloftfar og FSTDs	OR.ATO.135	Þjálfunarloftfar og FSTDs
OR.ATO.140	Flugvellir og starfsvettvangur	OR.ATO.140	Flugvellir og starfsvettvangur
OR.ATO.145	Forsendur þjálfunar	OR.ATO.145	Forsendur þjálfunar
OR.ATO.150	Þjálfun í þriðju ríkjum	OR.ATO.150	Þjálfun í þriðju ríkjum
OR.ATO	Hluti II - VIÐBÓTARKRÖFUR FYRIR ATOs SEM VEITA ÞJÁLFUN FYRIR SKÍRTEINI OG ÁRITANIR AÐRAR EN LAPL, PPL, SPL OG BPL	OR.ATO	Hluti II - VIÐBÓTARKRÖFUR FYRIR ATOs SEM VEITA ÞJÁLFUN FYRIR CPL, MPL OG ATPL OG ÁRITANIR OG VOTTORÐ ÞAR AÐ LÚTANDI
OR.ATO.210	Starfsmannakröfur	OR.ATO.210	Starfsmannakröfur
OR.ATO.225	Þjálfunaráætlun	OR.ATO.225	Þjálfunaráætlun
OR.ATO.230	Þjálfunarhandbók og rekstrarhandbók	OR.ATO.230	Þjálfunarhandbók og rekstrarhandbók
<b>OR.FSTD - SÉRTÆKAR KRÖFUR FYRIR STOFNANIR SEM STARFRÆKJA FLUGHERMI SPJÁLFUNARBÚNAÐ (e. FLIGHT SIMULATION TRAINING DEVICES, FSTDs) OG HÆFNI FSTDs</b>			
OR.ATO	Hluti III - VIÐBÓTARKRÖFUR FYRIR STOFNANIR SEM STARFRÆKJA FSTDs OG HÆFNI FSTDs	OR.FSTD	Hluti I - KRÖFUR FYRIR STOFNANIR SEM STARFRÆKJA FSTDs
OR.ATO.300	Almennt	OR.FSTD.100	Almennt
OR.ATO.305	Viðhald á hæfni FSTD	OR.FSTD.105	Viðhald á FSTD hæfninni
OR.ATO.310	Breytingar	OR.FSTD.110	Breytingar
OR.ATO.315	Uppsetningar	OR.FSTD.115	Uppsetningar
OR.ATO.320	Viðbótarbúnaður	OR.FSTD.120	Viðbótarbúnaður
OR.ATO	Hluti III - VIÐBÓTARKRÖFUR FYRIR STOFNANIR SEM STARFRÆKJA FSTDs OG HÆFNI FSTDs	OR.FSTD	Hluti II - KRÖFUR FYRIR HÆFNI FSTDs

CRD reglutilvísun	CRD regluheiti	Reglutilvísun álights	Regluheiti álights
	(FRAMHALD)		
OR.ATO.350	Umsókn um hæfni FSTD	OR.FSTD.200	Umsókn um hæfni FSTD
OR.ATO.355	Vottunarforskriftir fyrir FSTDs	OR.FSTD.205	Vottunarforskriftir fyrir FSTDs
OR.ATO.360	Grundvöllur hæfni	OR.FSTD.210	Grundvöllur hæfni
OR.ATO.365	Útgáfa FSTD hæfnivottorðs	OR.FSTD.215	Útgáfa FSTD hæfnivottorðs
OR.ATO.370	Bráðabirgðahæfni FSTD	OR.FSTD.220	Bráðabirgðahæfni FSTD
OR.ATO.375	Gildistími og áframhaldandi gildi	OR.FSTD.225	Gildistími og áframhaldandi gildi
OR.ATO.380	Breytingar á hæfum FSTD	OR.FSTD.230	Breytingar á hæfum FSTD
OR.ATO.385	Framsal FSTD hæfni	OR.FSTD.235	Framsal FSTD hæfni
OR.ATO.390	Skráning	OR.FSTD.240	Skráning
OR.ATO	HLUTI IV - VIÐBÓTARKRÖFUR FYRIR ATOs SEM VEITA SÉRTÆKAR TEGUNDIR ÞJÁLFUNAR	OR.ATO	HLUTI III - VIÐBÓTARKRÖFUR FYRIR ATOs SEM VEITA SÉRTÆKAR TEGUNDIR ÞJÁLFUNAR
OR.ATO.400	Almennt	OR.ATO.300	Almennt
OR.ATO.405	Leiðbeiningar í kennslustofum	OR.ATO.305	Leiðbeiningar í kennslustofum
OR.ATO.410	Kennarar	OR.ATO.310	Kennarar
OR.ATO.430	Almennt	OR.ATO.330	Almennt
OR.ATO.435	Flughermir með fullri hreyfingu	OR.ATO.335	Flughermir með fullri hreyfingu
OR.ATO.450	Almennt	OR.ATO.350	Almennt
OR.ATO.455	Flugprófsþjálfunarstöðvar	OR.ATO.355	Flugprófsþjálfunarstöðvar
OR.AeMC	OR.AeMC	OR.AeMC	FLUGLÆKNINGASTÖÐVAR
OR.AeMC	Hluti I - ALMENNT	OR.ATO	Hluti I - ALMENNT
OR.AeMC.105	Umfang	OR.AeMC.105	Umfang
OR.AeMC.115	Beiting	OR.AeMC.115	Beiting
OR.AeMC.135	Áframhaldandi gildi	OR.AeMC.135	Áframhaldandi gildi
OR.AeMC	Hluti II - STJÓRNUN	OR.AeMC	Hluti II - STJÓRNUN
OR.AeMC.200	Stjórnunarkerfi	OR.AeMC.200	Stjórnunarkerfi
OR.AeMC.210	Starfsmannakröfur	OR.AeMC.210	Starfsmannakröfur
OR.AeMC.215	Aðstöðukröfur	OR.AeMC.215	Aðstöðukröfur
OR.AeMC.220	Skráning	OR.AeMC.220	Skráning